

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness, fimmtudaginn 8. mars 2012, í máli nr. S-594/2011:

Ákærvaldið

(Björn Þorvaldsson, settur saksóknari)

gegn

Viggó Þóri Þórissyni

(Vífill Harðarson hdl.)

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að aflokinni aðalmeðferð 27. janúar sl., er höfðað með ákæru ríkislögreglustjóra, útgefinni 9. júní 2011, á hendur Viggó Þóri Þórissyni, kt. 000000-0000, Klettabergi 36, Hafnarfirði, „fyrir umboðssvik, með því að hafa í október og nóvember 2006 og janúar, febrúar og mars 2007, sem framkvæmdastjóri hlutafélagsins Verðbréfaþjónusta sparisjóðanna (hér eftir nefnt VSP), kennitala 000000-0000, stefnt fjárhagslegum hagsmunum VSP í verulega hættu er hann misnotaði aðstöðu sína, með eftirfarandi hætti:

1. Útbúið tilhæfulaust skjal á ensku í nafni VSP með nafninu tryggingavörslusjóðir, dags. 17. október 2006, undirritað af ákærða, og látið viðgangast og ekki gert athugasemdir við að í útboðslýsingu skuldabréfaútboðs bandaríska fyrirtækisins Napis Inc., dags. 18. október 2006, sem skráð var í Kauphöll Ermasundseyja (sic.) í október 2006, kæmi fram að skuldabréfaútboðið væri tryggt með 700 milljón bandaríkjadala tryggingavörsluábyrgð á milli Napis Inc. og VSP. Skjalið tryggingavörslusjóðir var til grundvallar útboðslýsingunni.

Skjalið tryggingavörslusjóðir kveður á um að VSP hafi reikning fyrir Napis Inc. (nr. 1108394) og viðskiptavinir VSP hafi gefið fyrirmæli um að halda inni á reikningnum fjármagni eftir þörfum sem veði vegna útboðs þeirra (Napis Inc. 7,75% - ISIN: USU62911AB57). Biðtími reikningsins er til 1. nóvember 2017 eða til þess tíma er skuldabréfin verða innkölluð, innleyst eða uppgreidd. Samkvæmt útboðslýsingu voru vextir af skuldabréfum Napis Inc. 7,75% og alþjóðlegt auðkennisnúmer skuldabréfanna (ISIN) USU62911AB57.

Ákærði tók þátt í að reyna að selja skuldabréf í skuldabréfaútboðinu og greiddi skráningargjald útboðsins. Einnig gaf ákærði út þrjú tilhæfulaus reikningsyfirlit þar sem fram kemur að bandaríska fyrirtækið Napis Inc. eigi á reikningi þeim, sem nefndur er í skjalinu tryggingavörslusjóðir, númer 1108394 í VSP þann 1. nóvember 2006 fjárhæðina 623.087.842 bandaríkjadali, þann 8. janúar 2007 fjárhæðina 633.472.894 bandaríkjadali og þann 12. janúar 2007 fjárhæðina 634.639.743,02 bandaríkjadali. Ákærði sendi hin tilhæfulausu reikningsyfirlit til David Andrew Spargo í Bandaríkjunum en hann var aðaleigandi Napis Inc. og kom að sölu skuldabréfa í félaginu. Einnig sendi ákærði tilhæfulaust reikningsyfirlit sem viðhengi í tölvupósti til væntanlegs kaupanda skuldabréfa í Napis Inc. 12. janúar 2007 til að upplýsa um fjármagn í tryggingavörslusjóðnum.

Með því að hafa útbúið skjalið tryggingavörslusjóðir og komið því í umferð, framangreindu athafnaleysi og athöfnum skuldbatt ákærði VSP til að ábyrgjast skuldabréfaútboðið, þannig að veruleg hættu var á að kaupendur skuldabréfa Napis Inc. samkvæmt útboðinu krefðust greiðslna hjá VSP greiddi Napis Inc. ekki af seldum skuldabréfum.

Til vara fyrir tilraun til fjársvika með því að hafa með framangreindum hætti reynt að blekkja kaupendur skuldabréfa er ákærði útbjó framangreint skjal tryggingavörslusjóðir sem var til grundvallar útboðslýsingu skuldabréfaútboðs bandaríska fyrirtækisins Napis Inc. sem skráð var í Kauphöll Ermasundseyja (sic.) í október 2006 og gaf út framangreind þrjú tilhæfulaus reikningsyfirlit í tengslum við sölu á skuldabréfum í Napis Inc.

Telst háttsemi þessi varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til vara telst háttsemi ákærða varða við 248. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga.

1. Útbúið tvö tilhæfulaus skjöl á ensku, dags. 12. febrúar 2007, í nafni VSP með nafninu innláns skírteini, undirrituð af ákærða og starfsmanni VSP að beiðni ákærða, sem tilhæfulaust staðfesta að viðskiptavinur VSP, bandaríska fyrirtækið Napis Inc., hafi á innlánsreikningi númer 1108394 fjárhæðina 200.000.000 bandaríkjadali, sem megi greiða greiðsluþega eða löglegum framsalshöfum við framlagningu innláns skírteinis eftir 31. desember 2009 á aðalskrifstofu VSP að Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík, Íslandi, og að innláns skírteini séu framseljanleg án framlagningar eða greiðslu framsalgjalds við framsalstilkynningu til VSP. Skjölin aðgreinast hvað varðar greiðsluþega og notkun með eftirfarandi hætti:

a) Innlánsskírteini sem kveður á um að innlánsreikningur sé lokaður til hagsbóta fyrirtækjunum Midscot (UK) Limited og EC4 Petrochem Limited, sem tilgreind eru í skírteininu sem sameiginlegurgreiðsluþegi. Innlánsskírteinið var veð fyrir lánasamningi dags. 12. febrúar 2007, á milli Napis Inc., sem skuldara, og félagsins EC4 Petrochem Limited, sem lánveitanda, vegna 150.000.000 bandaríkjadala láns til Napi Inc., sem var í eigu bandarískis ríkisborgara að nafni David Andrew Spargo. Ákærði sendi, 14. febrúar 2007, afrit af innlánsskírteininu sem viðhengi í tölvupósti til Bank of Scotland vegna fjármögnunar ofangreinds lánasamnings, og til fyrirsvarsmanns Midscot (UK) Limited sem sá um lánsúmsókn til Bank of Scotland. Ákærði sendi í sama tölvupósti í viðhengi bréf, dags. 13. febrúar 2007, með yfirskriftinni: „Staðfesting á heimild til næstu skrefa“, þar sem vísað er til innlánsskírteinisins og fjallað um efni þess, og sendi jafnframt Bank of Scotland efni bréfsins með SWIFT-skeyti 199 fyrir milligöngu Icebank hf. þann 14. febrúar 2007.

b) Innlánsskírteini sem kveður á um að innlánsreikningur sé lokaður öllum nema fyrirtækjunum MCC Capital Projects og Burgundy Asset Development Corp., sem tilgreind eru sem sameiginlegur greiðsluþegi. Ákærði sendi SWIFT-skeyti 999 fyrir milligöngu Icebank hf. þann 20. mars 2007 til China Trust Commercial Bank, Manila, Filippseyjum, í því skyni að selja skírteinið, þar sem efni innlánsskírteinisins er lýst og tekið fram að frumrit skírteinisins verði að fengnum staðfestum fyrirmælum frá China Trust Commercial Bank send til bankans. Sama dag sendi ákærði tölvupóst til China Trust Commercial Bank með afriti af innlánsskírteininu og afriti af SWIFT-skeytinu í viðhengi.

Með því að hafa útbúið framangreind innlánsskírteini og með notkun þeirra skuldbatt ákærði VSP þannig að VSP hefði við framlagningu löglegs handhafa innlánsskírteinis eftir 31. desember 2009 verið skylt að greiða handhafa innlánsskírteinis fjárhæðina 200.000.000 bandaríkjadali.

Til vara fyrir tilraun til fjársvika með því að hafa með framangreindum hætti reynt að blekkja Bank of Scotland og China Trust Commercial Bank til að kaupa ofangreind innlánsskírteini.

Telst háttsemi þessi varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til vara telst háttsemi ákærða varða við 248. gr., sbr. 1. mg. 20. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Af hálfu ákærða er þess krafist að hann verði alfarið sýknaður af kröfum ákæruvaldsins. Verði ákærði sakfelldur, að öllu leyti eða að hluta, krefst ákærði þess að refsing hans verði svo væg sem lög frekast leyfa og að ákvörðun refsingar verði frestað en til vara að fullnustu refsingar verði frestað að fullu.

II.

Málsatvik

Samkvæmt frumskýrslu í málinu, dags. 13. apríl 2007, komu fulltrúar Verðbréfaþjónustu sparisjóðanna hf. (VSP), þau Birgir Ómar Haraldsson stjórnarformaður, Sighvatur Sigfússon stjórnarmaður, Jóna Björk Guðnadóttir. lögfræðingur Sparisjóðabankans, og Pétur Guðmundarson hrl., frá Logos lögmansþjónustu, til fundar á skrifstofu saksóknara efnahagsbrota, miðvikudaginn 11. apríl sama ár. Tilefni fundarins hafi verið að upplýsa saksóknara efnahagsbrota um ætluð refsiverð brot framkvæmdastjóra VSP, ákærða í máli þessu, í störfum hans fyrir félagið. Fulltrúar VSP hafi á fundinum upplýst um það að ákærði væri grunaður um að hafa rangfært skjöl í nafni VSP. Upp hefði komist um málið í kjölfar ábendingar frá JP Morgan banka í Englandi þess efnis að reynt hefði verið að nota skjöl merkt VSP, sem álitin væru vafasöm, í viðskiptum við JP Morgan banka.

Í kjölfar athugunar innan VSP hafi komið í ljós að um væri að ræða ábyrgðaryfirlýsingu á ensku með yfirskriftinni „Certificate of Deposit“ að fjárhæð 200 milljónir bandaríkjadala vegna kaupa á skuldabréfum í bandarísku félagi, Napis Inc. Komið hefði fram að um algjörlega tilhæfulaus viðskipti væri að ræða af hálfu VSP og ljóst væri að óprúttir aðilar væru að reyna að nota skjalið hjá erlendum bankastofnunum. Þá hafi komið fram að unnið væri að frekari gagnaöflun innan félagsins. Einnig hafi verið upplýst að ákærði væri í frii og staddur í Bandaríkjunum, en óskað hafi verið eftir því að hann kæmi til landsins til þess að gera grein fyrir málinu.

Í skýrslunni segir að að kvöldi 12. apríl hafi fulltrúar efnahagsbrotadeildar farið á skrifstofu Logos lögmansþjónustu til þess að sækja þar gögn, sem fundist höfðu á skrifstofu ákærða hjá VSP við frekari eftirgrennslan starfsmanna VSP. Við það tækifæri hafi Birgir Ómar Haraldsson, stjórnarformaður VSP, og Pétur Guðmundarson hrl. upplýst að komið hefði í ljós að svo virtist sem ákærði hefði jafnframt ábyrgst f.h. VSP skuldabréfaútboð hins bandaríska félags Napis Inc. að fjárhæð 700 milljónir bandaríkjadala í Kauphöllinni á Ermarsundseyjum (Channel Island Stock Exchange), ásamt því að af gögnum sem fundist hefðu mætti ráða að ákærði væri einn eigenda þess félags. Að auki hefðu fundist yfirlýsingar um verðbréfaeign hjá VSP (Account statements) í nafni félagsins Napis Inc. sem ekki væri nokkur fótur fyrir.

Þá segir í skýrslunni að á skrifstofu Logos lögmansþjónustu hafi komið starfsmaður VSP, María Björk Ásbjarnardóttir, en nafnritun hennar sé að finna á nokkrum þeirra skjala sem árituð séu og útgefin af ákærða sem framkvæmdastjóra. María Björk hafi aðspurð kannast við að hafa ritað nafn sitt á þessi skjöl samkvæmt beiðni ákærða þar um. Hún hafi asnast til að gera það án þess að lesa efni þeirra, auk þess sem ákærði hafi fullvissað hana í einhverju tilviki að efni viðkomandi skjals væri sannleikanum samkvæmt. Hafi María Björk lýst sig reiðubúna til að mæta til skýrslugjafar vegna þessa hjá saksóknara efnahagsbrotadeildar um leið og þess væri óskað.

Jafnframt hafi komið til tals hjá Birgi Ómari Haraldssyni stjórnarformanni að ákærði væri að hans beiðni á leið til landsins og væri væntanlegur með flugi að morgni föstudagsins 13. apríl og hafi lofað því að mæta strax til yfirheyrslu vegna málsins hjá saksóknara efnahagsbrota. Loks hafi Pétur Guðmundarson hrl. afhent fulltrúum efnahagsbrotadeildar nokkurt magn skjala sem málið varði og fylgt afhendingunni eftir síðar um kvöldið með minnisblaði til skýringar málavöxtum og þeim skjölum, sem afhent hafi verið.

Hinn 17. apríl 2007 barst ríkislögreglustjóra skrifleg kæra Péturs Guðmundarsonar hrl. fyrir hönd stjórnar VSP, dagsett sama dag, þar sem ítrekuð er beiðni með vísan til 66. gr. þágildandi laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála um að fram færi opinber rannsókn á störfum framkvæmdastjóra félagsins, ákærða í máli þessu.

Endanleg útgáfa minnisblaðs Péturs Guðmundarsonar hrl. er dagsett 18. apríl 2007. Þar segir að atvikin virðist vera þrjú. Þau tengist öll bandaríska fyrirtækinu Napis Inc. og að svo virðist að um hafi verið að ræða tilraunir til að útvega því fyrirtæki lánsfé. Einnig segir að tímaröð atvikanna virðist vera þannig að fyrst hafi verið reynt að selja skuldabréf í skuldabréfaútboði, sem skráð hafi verið í Kauphöllinni á Ermarsundseyjum (Channel Island Stock Exchange). Þegar það hafi ekki borið árangur virðist hafa verið reynt að slá lán á grundvelli lánasamnings með einhvers konar ábyrgð VSP og virðist fyrirtækin Midscot og EC4 Petrochem tengjast þeim tilraunum. Þær tilraunir virðist og tengjast fleiri en einu fjármálafyrirtæki en eftir því sem best væri vitað hafi þær ekki borið árangur. Þriðja atvikið, sem nefnt er í minnisblaðinu, kemur ekki við sögu í þessu máli.

Í minnisblaðinu er fyrst fjallað um skuldabréfaútboð í Kauphöllinni á Ermarsundseyjum. Þar segir að í gögnum þeim sem fundist hafi hjá VSP séu skjöl sem tengist tilraunum Napis Inc. til að selja skuldabréf sem skráð hafi verið í Kauphöllinni á Ermarsundseyjum. Fyrir liggi að skuldabréfaútboðið sé skráð í Kauphöllinni (CISE) undir skráningarnúmerinu: ISIN:USU62911AB57. Skráningarlýsing sem tengist útboðinu (Offering Circular) finnst í gögnum VSP og þar sé félagsins getið og sagt að skuldabréfaútgáfan sé tryggð með 700 milljóna bandaríkjadala verðbréfaeign (Collateral Trust Guarantee) í vörslu VSP. Samkvæmt gögnum málsins er umsókn um heimild til skráningar verðbréfa í Kauphöllinni á Ermarsundseyjum dagsett 18. október 2006 og samkvæmt gögnunum var umsóknin samþykkt af Kauphöllinni 20. október 2006 og tók skráningin gildi þann sama dag, sbr. bls. 1318.

Í minnisblaðinu segir að við rannsókn málsins og eftir samtöl við ákærða hafi hann haldið því fram að ekki væri um að ræða endanlega gerð skráningarlýsingarinnar og hafi félaginu borist önnur útgáfa skráningarlýsingarinnar þar sem VSP sé að engu getið. Athygli veki að það skjal, sem haldið sé fram að sé endanleg útgáfa, sé dagsett 17. október 2006 og beri yfirskriftina „Final Offering Circular“ en forsíða skjalsins sem fundist hafi hjá VSP sé dagsett 18. október 2006 og beri yfirskriftina „Offering Circular“.

Á meðal gagna, sem haldlögð voru af lögregluyfirvöldum á Guernsey, er skjal með yfirskriftinni „Offering Circular“, dags. 18. október 2006, útgefið af David Spargo fyrir hönd Napis Inc., en þar er VSP getið og sagt að skuldabréfaútgáfan sé tryggð með 700 milljóna bandaríkjadala verðbréfaeign (Collateral Trust Guarantee) í

vörslu VSP. Á forsiðu skjalsins er stimplað „Final“.

Í minnisblaðinu segir að skylt sé að gera skráningarlýsingu þegar selja eigi verðbréf á skipulögðum verðbréfamörkuðum. Segja megi að þær skráningarlýsingar sem tengist þessu máli séu í flestu hefðbundnar skráningarlýsingar sem greini ítarlega frá útboði skuldabréfanna og sé ætlað að gefa kaupendum tækifæri til að meta þá áhættu sem felist í fjárfestingum í verðbréfum sem tengist skráningarlýsingunni.

Við samanburð á áðurgreindum skráningarlýsingum sé ljóst að verulegur munur sé á þeim. Í fyrri skráningarlýsingunni, „Offering circular“, sé ákærði sagður hluthafi og stjórnarmaður [Napis Inc.] og þá sé fjallað um ábyrgð VSP í tengslum við skuldabréfaútgáfuna. Ekkert af þessu sé að finna í síðara skjalinu, „Final Offering Circular.“

Í minnisblaðinu segir að eftirfarandi gögn, sem tengist skuldabréfaútböðinu, hafi fundist hjá VSP:

1. Tryggingavörslusjóðir (Collateral Trust Funds).

Í minnisblaðinu segir að skjalið sé að sögn starfsmanna VSP óhefðbundið skjal og teljist ekki til þeirra skjala sem tengist venjubundinni starfsemi fyrirtækisins. Þá segir að skjalið sé undirritað af ákærða og samstarfskonu hans, Maríu Björk Ásbjarnardóttur og útgefið **25. október 2006**. Hvergi í skjalinu sé minnst á fjárhæðir, en staðfest að hjá félaginu á reikningi nr. #1108394 eigi Napis Inc. fjármuni, sem séu þar á bundnum reikningi og tengist skuldabréfaútböði nr. ISIN: USU62911AB57. Þá segir í minnisblaðinu að ákærði hafi fullyrt að frumrit þessa skjals hafi aldrei farið úr húsi.

2. Reikningsyfirlit (Account Statement).

Í minnisblaðinu kemur fram að svo virðist sem skjal með yfirskriftina „Account Statement“ hafi tengst áðurgreindu skjali, „Collateral Trust Funds“, en reikningsyfirlitið sé dagsett 1. nóvember 2006. Skjalið beri með sér að hafa verið sent úr faxi og hafi ákærði skýrt það svo að skjalið hafi verið sent David Spargo hjá Napis Inc., en efst á skjalinu megi sjá áritun úr faxvél, sem sögð sé vera úr faxi sem Napis Inc. hafi haft aðgang að í Portland í Bandaríkjunum.

Í minnisblaðinu segir að yfirlitið vísi til „Portfolio: 1108394. Önnur yfirlit, dags. 1. ágúst 2007 og 1. desember 2007, vísi til sama reikningsnúmers og sýni svipaða niðurstöðu eða inneign upp á rúmar 623 til 633 milljónir bandaríkjadala. Ákærði haldi því fram að engin frumrit hafi verið send úr húsi. Skjölin hafi verið unnin í forritinu excel eingöngu sem sýnishorn til að sýna hvernig raunveruleg staða liti út ef innistæður væru til staðar. Um væri að ræða yfirlit miðað við mismunandi tímasetningar eins og dagsetningar þeirra bæru með sér.

3. Skjásíða frá Reuters.

Í minnisblaðinu segir að meðal gagna, sem fundist hafi hjá VSP hafi verið tölvumynd af skjásíðu hjá Reuters þar sem fram komi verðlagning á skuldabréfaútböði Napis Inc.

Á meðal gagna málsins eru afrit af tölvupósti, sem fór í fyrsta lagi á milli ákærða og Paolo F. Santos, í öðru lagi á milli ákærða og Tim Webb hjá Credit Risk Re Financial Officer, og í þriðja lagi á milli ákærða og Gina Scialla í janúar 2007 þar sem þau lýsa yfir áhuga á því að kaupa skuldabréf í skuldabréfaútboði Napis Inc.

4. Yfirlýsing frá Napis Inc.

Þá segir í minnisblaðinu að á meðal gagnanna sé að finna yfirlýsingu frá Napis Inc., dags. 13. apríl 2007, um að ekkert hafi verið selt af skuldabréfum samkvæmt útboðinu.

5. Lánasamningur.

Í minnisblaðinu er næst fjallað um lánasamning og gögn sem honum tengjast. Mun þar vera um að ræða lánasamning, dags. 12. febrúar 2007, á milli Napis Inc. og EC4 Petrochem Ltd. að fjárhæð 150 milljónir bandaríkjadala.

6. Innlánsskírteini (Certificate of Deposit).

Í minnisblaðinu segir að í tengslum við þennan lánasamning hafi VSP hinn 12. febrúar 2007 gefið út skjal sem beri yfirskriftina „Certificate of Deposit“ eða Innlánsskírteini. Samkvæmt upplýsingum starfsmanna VSP sé hér ekki um að ræða skjal sem tengist venjulegum rekstri félagsins. Form skjalsins sé ekki eitt þeirra sem notað sé í daglegum rekstri verðbréfafyrirtækis. Í skjalinu komi fram að hjá VSP sé innistæða að fjárhæð 200 milljónir bandaríkjadala á bundnum reikningi nr. 1108394 og staðfest að fjárhæðin verði greidd út 30. desember 2009 að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Skjölin séu gefin út til hagsbóta fyrir félögin Midscot Ltd. og EC4 Petrochem Ltd. eða þá sem leiði rétt sinn frá þeim. Skjalið sé undirritað af ákærða sem framkvæmdastjóra VSP og Maríu Björk Ásbjarnardóttur.

Í minnisblaðinu segir að skjal með yfirskriftinni „Certificate of Deposit“ eða innlánsskírteini, sem sé samhljóða áðurgreindu skjali með sömu yfirskrift, hafi einnig verið gefið út af VSP hinn 12. febrúar 2007, að því breyttu að skjalið sé sagt gefið út til hagsbóta fyrir félögin MCC Captital Projects og Burgundy Asset Development Corp.

7. Staðfesting á heimild til næstu skrefa (Confirmation of Readiness to Proceed).

Þá hafi fundist í fórum VSP skjal með yfirskriftinni „Confirmation of Readiness to Proceed“ eða staðfesting á heimild til næstu skrefa, en það sé stílað á Bank of Scotland, dagsett 13. febrúar 2007 og undirritað af ákærða og Maríu Björk Ásbjarnardóttur. Í minnisblaðinu segir að efni þess sé í samræmi við innlánsskírteinið þar sem rétthafar séu tilgreindir Midscot Ltd. og EC4 Petrochem Ltd.

Í minnisblaðinu segir að svo virðist sem tilraunir hafi verið gerðar til að fá lán hjá fjármálastofnunum á grundvelli lánasamningsins og staðfestingarinnar á innistæðunni. Vitað sé að Bank of Scotland hafi í fórum sínum umrædda staðfestingu á innistæðu en óljóst sé hvort um sé að ræða frumrit eða ljósrit. Þá segir að í skjalasafni VSP hafi fundist með gögnum ákærða sýnishorn af svipuðu

skjali, en engar upplýsingar liggi fyrir um hvaðan það sýnishorn hafi komið.

8. Swift-skeyti.

Í minnisblaðinu segir að í tengslum við tilraunir til að fá fjármálastofnanir til að lána fé út á lánasamninginn og líklega staðfestinguna hafi fundist nokkur swift-skeyti í skjalasafni VSP.

Í minnisblaðinu er tekið fram að swift-skeyti séu skeyti sem notuð séu af fjármálastofnunum á lokuðum vef, sem ætlað sé að tryggja öryggi í viðskiptum. Þar sem VSP hafi ekki aðgang að þeim vef hafi félagið notið þjónustu Sparisjóðabankans við slíkar skeytasendingar.

Á meðal gagnanna sé skeyti sem sent hafi verið Bank of Scotland, en þar sé vísað til innistæðu að fjárhæð 200 milljónir bandaríkjadala til hagsbóta fyrir fyrirtækin Midscot og EC4 Petrochem Ltd. Af gögnum málsins má sjá að skeytið er dagsett 14. febrúar 2007.

Í minnisblaðinu segir einnig að á meðal gagnanna sé swift-skeyti til China Trust Commercial Bank á Filippseyjum, en í þeim sé vísað til „Irrevocable Standby Letter of Credit No. 12“ að fjárhæð 200 milljónir bandaríkjadala og skýrt í hvers þágu skeytið sé sent og hvenær krefjast megi greiðslu. Af gögnum málsins má sjá að skeytið var sent 20. mars 2007 og sagt til hagsbóta fyrir fyrirtækin MCC Capital Projects og Burgundy Asset Development Corp.

Í minnisblaðinu segir að á meðal gagnanna sé svarskeyti frá bankanum þar sem öllum viðskiptum er hafnað og tekið fram að öll skilaboð séu ógild.

9. Yfirlýsingar Napis Inc., Midscot Ltd. og EC4 Petrochem Ltd.

Í minnisblaðinu segir og að á meðal gagna málsins séu yfirlýsingar frá Napis Inc., Midscot, og EC4 Petrochem um að fallið hafi verið frá öllum samningum á milli þessara fyrirtækja. Þá sé þar yfirlýsing frá Napis Inc. um að félagið hafi aldrei fengið nein lán út á áðurgreindan lánasamning. Á meðal gagna málsins er einnig yfirlýsing frá MCC Capital Projects Ltd. um að fallið hafi verið frá samningi á milli félagsins og Napis Inc.

10. Tölvuskeyti.

Á meðal gagnanna sé og að finna afrit tölvuskeyta, dags. 10., 11. og 12. apríl 2007, frá ákærða og Jim Johnstone hjá Midscot til Diane Stewart hjá Bank of Scotland þar sem óskað er eftir því að staðfesting á innistæðunni (Certificate of Deposit), sem VSP hafi sent bankanum í febrúar, verði endursend til VSP. Þá séu þar skeytasendingar frá sömu aðilum þar sem ítrekuð er beiðni um endursendingu á staðfestingunni.

Á meðal gagna málsins er tölvupóstur Róberts Bjarnasonar lögreglufulltrúa til Diane Stewart hjá Bank of Scotland, dags. 17. apríl 2007, þar sem óskað er eftir upplýsingum um áðurgreint innláns-skirteini (Certificate of Deposit), þ.e. hvernig það hafi verið notað hjá bankanum, hver hafi framvísað skjalinu og í hvaða tilgangi nota átti skjalið.

Svar bankans barst með tölvupósti 18. apríl 2007 þar sem upplýst er að bankinn geti ekki veitt neinar upplýsingar um málið án dómsúrskurðar. Á hinn bóginn er staðfest að bankinn eigi ekki og hafi aldrei átt áður nefnt innláns skírteini þrátt fyrir að bankinn hafi afrit af skírteininu undir höndum. Þá er tekið fram að bankinn hafi ekki orðið fyrir fjártjóni, sem rekja megi til umrædds skjals.

Á meðal gagna málsins er einnig tölvupóstur Róberts Bjarnasonar lögreglufulltrúa, dags. 23. apríl 2007, þar sem sams konar fyrirspurn er beint til JP Morgan, en í tölvupóstinum kemur fram að upplýsingar hafi borist um að leitað hafi verið til JP Morgan um fjármögnun og innláns skírteinið boðið fram sem trygging.

Svar starfsmanns JP Morgan barst með tölvupósti 24. apríl 2007 og er þar staðfest að leitað hafi verið til JP Morgan í Bandaríkjunum um fjármögnun og innláns skírteinið boðið fram sem trygging. Ætlunin hafi verið að hitta forvígismenn þessara umleitana í London, þar á meðal Faisal Kasim og James Johnstone hjá MCC Captital Projects, en þeir hafi ekki mætt á fundinn á tilsettum tíma. Bankinn hafi synjað ósk þeirra um annan fundartíma. Loks segir að grunsemdir hafi vaknað við skoðun á skjölunum (afritum).

Á meðal gagna málsins er álitserð Gunnars Sturlusonar hrl. og Árna Sigurjónssonar hdl., hjá Logos lögmannsþjónustu, dagsett 18. apríl 2007. Fram kemur að hún hafi verið unnin að beiðni stjórnar VSP í tengslum við rannsókn á ætluðum brotum ákærða í starfi sem framkvæmdastjóri hjá VSP. Í álitserðinni er efni skjalsins innláns skírteini eða „Certificate of Deposit“ tekið til skoðunar og það metið, sem og skuldbindingargildi skjalsins, framsal þess og útborgun á hinni meintu innistæðu.

Í samantekt álitserðarinnar segir eftirfarandi:

„Skjalið sem hér um ræðir verður að öllum líkindum flokkað sem verðbréf og eftir atvikum viðskiptabréf skv. íslenskum lögum.

Afar sterkar líkur eru fyrir því að skjalið sé skuldbindandi fyrir VSP, enda hafi verklagsreglum verið fylgt í tengslum við undirritun þess.

Í samræmi við samþykktir VSP er framkvæmdastjóra þó óheimilt að framkvæma óvenjulegar eða mikilsháttar ráðstafanir án samþykkis stjórnar félagsins.

Framsal skjalsins er heimilt án þess að skjalinu sjálfu sé framvísað til VSP og án greiðslu sérstaks. (sic.) Að sama skapi er það álit okkar að í framsalsheimildinni sé gert ráð fyrir að upplýsingar um framsalshafa þurfi að berast VSP til að framsalið sé virkt.

Útborgun hinnar meintu innistæðu er háð framvísun frumrits skjalsins til VSP í fyrsta lagi þann 31. desember 2009. Finnist frumritið og því komið til stjórnar VSP ætti málið að vera úr sögunni.“

Á meðal gagna málsins er bréf Péturs Guðmundarsonar hrl. til Fjármálaeftirlitsins, dags. 16. maí 2007, þar sem óskað er eftir samvinnu við Fjármálaeftirlitið um slit á Verðbréfaþjónustu sparisjóðanna hf. Í bréfinu segir m.a.:

„Ekki hefur tekist að útiloka að framkvæmdastjóri hafi undirritað án heimildar einhver skjöl í nafni félagsins sem gætu falið í sér fjárhagslegar skuldbindingar. Hversu háar slíkar fjárkröfur gætu verið er óljóst en stjórn félagsins metur það svo að ekki sé hægt að búa við þá áhættu. Fyrir liggur að endurskoðandi félagsins mun ekki árita ársreikning án athugasemda, nema tryggt sé að ekki leynist fjárhagslegar skuldbindingar á félagið sem ekki koma fram í bókum þess. Við þessar aðstæður sýnist vart vera annar kostur fyrir hendi en að hætta starfsemi félagsins.“

Þá er á meðal gagnanna svarbréf KPMG á Íslandi, dags. 14. maí 2007, vegna beiðni ríkislögreglustjóra í þágu rannsóknar málsins. Þar segir eftirfarandi:

„Í tölvukerfum VSP er hægt að stofna reikningsnúmer hliðsætt því og gert var varðandi „reikning“ 1108394. Stofnun reikningsnúmersins þarf ekki að fylgja fjárhagsleg færsla, þ.e. engar raunverulegar peningalega (sic.) hreyfingar þurfa að eiga sér stað. Framangreindur reikningur, sem sagður er í eigu Napis, var stofnaður inn í tölvukerfið 19. október 2005 án þess að vitað sé að fjárhagslegar færslur hafi fylgt. Ekki er hægt að fullyrða í hvaða tilgangi þetta hefur verið gert en vert er að benda á að þetta er forsenda þess að hægt sé að skrá viðskipti á reikningseigandann.“

Einnig segir í bréfinu:

„Í fyrirliggjandi gögnum er vísað til umrædds reiknings og staðhæft að inn á honum séu tiltekna fjárhæðir í eigu Napis sem standi til tryggingar skilgreindum skuldabréfum sem Napis virðist hafa verið að reyna að selja. Þá liggur fyrir „Account Statement“ sem sýnir að Napis eigi á reikningi númer 1108394 hjá VSP verðbréf að andvirði USD 632.097.842. Starfsfólk VSP kannast ekki við að yfirlit sem þessi sé hægt að skrifa út úr kerfum VSP. Þá verður ekki annað séð en að skýring framkvæmdastjóra um að yfirlitið sé gert í excel sé rétt enda er í tölvugögnum fyrrverandi framkvæmdastjóra að finna yfirlit sem eru eins og þau yfirlit sem hafa verið til skoðunar og er tilvitnað yfirlit meðal þeirra. Ekki verður séð að þær eignir sem vísað er til á yfirlitunum hafi verið til, að minnast kosti ekki með þeim hætti sem VSP er sagt tengjast þeim. Að því er varðar fyrirspurn saksóknara efnahagsbrota um hvort einhverjar upplýsingar séu um viðskipti við Napis Inc. eða David Andrew Spargo í bókum VSP er því til að svara að ekki finnast neinar upplýsingar um viðskipti við þessa aðila.“

Á meðal gagna málsins er bréf Erlu S. Árnadóttur hrl., skiptastjóra í þrotabúi Verðbréfabjónustu sparisjóðanna (VSP), þar sem hún staðfestir að skiptum hafi lokið í búinu 26. febrúar 2010 með úthlutun til hluthafa. Þá segir að í búinu hafi borist (fyrir utan kröfur er lýst var vegna hlutafjareignar) ein krafa, frá Burgundy Asset Development Corporation, Filippseyjum, að fjárhæð 200 milljónir bandaríkjadala. Kröfunni hafi verið hafnað, en ekki hafi reynt á þá ákvörðun skiptastjóra fyrir dómi þar sem ekki hafi verið mætt af hálfu kröfuhafans við meðferð ágreiningsmáls fyrir héraðsdómi.

Við rannsókn málsins var aflað gagna frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Filippseyjum og Ermarsundseyjunum, Guernsey og Jersey, fyrir milligöngu og með aðstoð þarlandra stjórnvalda.

Þá voru teknar skýrslur af vitnum með milligöngu lögregluvalda í Bandaríkjunum, Bretlandi og Kanada. Vitni, sem ekki komu fyrir dóminn en gáfu skýrslu hjá lögreglu á rannsóknarstigi, eru Michael M. Kessler, Lori Livingston og Gina Scialla.

Fram kemur í gögnum málsins að ákærði og David Spargo hafa þekkt frá því að þeir voru samtíða í háskólanámi í Arizona í Bandaríkjunum. Þá hefur ákærði borið um það að þeir séu góðir vinir og hafi verið í miklum samskiptum í gegnum tíðina. Einnig kemur fram í gögnum málsins að ákærði hefur lánað David Spargo og félaginu Napis Inc. umtalsvert fé á liðnum árum. Samkvæmt framlögðum gögnum lánaði ákærði David Spargo 20.000 bandaríkjadali í desember 2006 til að borga laun.

Á meðal gagna málsins er stofnskrá Napis Inc. frá árinu 2003, en þar er ákærði tilgreindur sem einn af stjórnarmönnum félagsins. Þá er ákærði tilgreindur bæði sem stjórnarmaður og hluthafi í félaginu í ársreikningum félagsins árin 2004, 2005 og 2006, samanber framlögð gögn frá hlutafélagaskrá Arizona.

Í skráningarlýsingu vegna áðurgreinds skuldabréfaútboðs, dags. 18. október 2006, er eignarhlutur ákærða í Napis Inc. sagður vera 25% og þá ákærði tilgreindur þar sem stjórnarmaður félagsins.

Á meðal gagna málsins er tölvupóstur David Spargo til ákærða og fleiri, dags. 24. október 2006, þar sem Robert L. Matter er boðinn velkominn í stjórn Napis Inc. Svarpóstur ákærða er dagsettur sama dag, en þar býður ákærði Robert velkominn í stjórnina og ritar undir póstinn sem „Fellow Board Member“.

Á meðal gagna málsins er tölvupóstur ákærða ásamt viðhengi, dags. 25. október 2006, til David Spargo, Robert L. Matter og Michael K. Í viðhenginu kemur fram að ákærði framselur eignarhlut sinn í Napis Inc. til Páls Halldórssonar.

Þá hefur komið fram að ákærði greiddi í lok október 2006 skráningargjald að fjárhæð 8.650 pund vegna skráningarlýsingarinnar sem lögð var inn í Kauphöllina á Ermarsundseyjum.

Með bréfi, dags. 20. apríl 2007, til hlutafélagaskrár Arizona óskaði David A. Spargo f.h. Napis Inc. eftir leiðréttingu á skráningu í hlutafélagaskrá, en ákærði hefði verið ranglega skráður sem stjórnandi félagsins árin 2004, 2005 og 2006.

Á meðal gagna málsins er svarbréf Alþjóðaskrifstofu dómsmálaráðuneytis Bandaríkjanna, dags. 30. október 2007, við fyrirspurn íslenskra stjórnvalda vegna David Spargo. Þar segir að á síðasta þekkta heimilisfangi Napis Inc. í Arizona hafi ekki sést neinar merkingar frá fyrirtækinu. Upplýsingar hafi fengist frá umsjónarmanni viðkomandi fasteignar um að David Spargo hafi leigt rými í húsinu og greitt leigu til eins árs fyrirfram. Hann hafi þó aldrei rekið skrifstofu í húsnæðinu, heldur notað það sem geymslu fyrir talsvert magn af kössum. David Spargo komi mjög sjaldan í húsnæðið og skuldi nú þriggja mánaða leigu. Hann hafi sent umsjónarmanni fasteignarinnar þrjá tækka, sem allir hafi verið sendir til baka vegna ónógrar innistæðu. Þá kemur fram í bréfinu að félagið Napis Inc. sé skráð í hlutafélagaskrá frá árinu 2003 sem félag í rekstri og hafi síðasta ársreikningi

félagsins verið skilað í apríl 2007. Eini starfsmaður félagsins sé David Spargo.

III.

Framburður ákærða

Ákærði neitaði sök. Hann kvaðst hafa verið framkvæmdastjóri VSP á þeim tíma er atvik málsins áttu sér stað, þ.e. í lok árs 2006 og byrjun árs 2007. Kvaðst hann hafa haft umsjón með daglegum rekstri fyrirtækisins, annast samskipti við viðskiptavinum þess og gengið í önnur þau störf sem til féllu hjá fyrirtækinu. Kvað hann fyrirtækið ekki hafa verið stórt í sniðum, en hjá því hafi starfað fimm manns, auk starfsmanna í bakvinnslu, sem hafi verið útvistuð.

Aðspurður sagðist ákærði hafa kynnst David Spargo í Arizona á sínum tíma og með þeim hefði stofnast vinskapur sem hefði haldist æ síðan. Hann sagðist í gegnum tíðina hafa lánað honum peninga og hefði þar verið um háar fjárhæðir að ræða eða eitthvað á bilinu 10 til 15 eða 16 milljónir króna. Hann sagði að þeir David Spargo hefðu verið mjög nánir vinir og því sagðist ákærði hafa talið óhætt að lána honum.

Ákærði neitaði því að fyrirtæki Davids, Napis, hefði verið svokallað skúffufyrirtæki og sagði að félagið hefði staðið fyrir ákveðinni starfsemi. Um hefði verið að ræða fjárfestingarfyrirtæki, sem hefði m.a. fjárfest í landareignum í Bandaríkjunum. Ákærða var þá bent á svarbréf dómsmálaráðuneytis Bandaríkjanna vegna réttarbeiðni íslenskra yfirvalda, bls. 1014 í gögnum málsins, en þar komi fram að á skráðu heimilisfangi Napis séu engar merkingar frá fyrirtækinu og þá verði ekki séð að þar fari fram nokkur starfsemi á vegum félagsins. Sagðist ákærði ekki hafa skýringar á þessu og sagðist telja að fyrirtækið Napis hefði verið með starfsemi á sínum vegum.

Að því er varðar tengsl Páls Halldórssonar við fyrirtækið Napis og David Spargo sagði ákærði að þeir Páll hefðu kynnst í tengslum við störf ákærða í Landsbankanum. Komið hefði í ljós að þeir höfðu sameiginlegan áhuga á Arizona, en Páll hefði átt þar vini og hefði hann farið þangað reglulega. Í gegnum þessi kynni þeirra hefði Páll síðan kynnst David Spargo. Aðspurður sagði hann að sig minnti að Páll hefði einhvern tíma verið skráður fyrir hlut í Napis, en sagðist ekki vita alveg af hverju það var. Sagðist hann telja að Páll hefði einhvern tíma lánað David peninga.

Ákærði sagði að þegar hann hefði lánað David peninga hefði David boðið honum hlut í fyrirtækinu, sem líta skyldi á sem nokkurs konar veð til tryggingar endurgreiðslu lánsins, og sagðist ákærði hafa samþykkt það. Þegar David hefði síðan greitt honum skuld sína hefði ætlunin verið sú að afskrá þennan hlut ákærða, en fyrir mistök hefði það ekki verið gert. Ákærði sagði að þetta hefði verið eina

ástæða þess að hann hefði verið skráður hluthafi í félaginu. Ákærða var bent á að við yfirheyrslur hjá lögreglu hefði hann ítrekað neitað því að eiga eða hafa átt hlut í Napis þar til í skýrslutöku í febrúar 2009, en þá hefði hann tjáð lögreglu að hann hefði að öllum líkindum verið skráður eigandi að 25% hlut í Napis á einhverjum tímamarki. Ákærði var inntur eftir skýringum á þessum breytta framburði. Sagði ákærði þá að í skýrslutökum hjá lögreglu hefði hann ávallt verið spurður að því hvort hann ætti hlut í fyrirtækinu, en ákærði sagðist ekki hafa verið skráður hluthafi í félaginu á þeim tíma. Hann hefði staðið í þeirri trú að áðurgreindur 25% eignarhlutur hans í félaginu hefði verið afskráður fyrir löngu og kvaðst ákærði ekki hafa talið að það skipti máli því hann hefði ekki lengur verið skráður fyrir honum.

Ákærða var þá bent á stofnskrá Napis á bls. 1028-1029 í gögnum málsins, en þar kæmi fram að hann hefði verið í fyrstu stjórn félagsins. Sagðist ákærði ekki hafa séð þetta skjal áður en það var lagt inn á sínum tíma, en þetta hefði David væntanlega gert vegna lánsins eins og áður greindi. Ákærða var þá bent á gögn frá hlutafélagaskrá Arizona á bls. 1048-1058 í gögnum málsins, en þar kæmi fram að í ársreikningum félagsins árin 2004, 2005 og 2006 væri hann tilgreindur sem hluthafi og stjórnandi. Sagðist ákærði ekki geta skýrt þetta með öðrum hætti en hann hefði áður gert, þ.e. að það hefði átt að vera búið að afskrá hann sem hluthafa, en það hefði ekki verið gert fyrr en síðar eða eftir að mál þetta kom upp, en þá hefðu þessi mistök komið í ljós.

Ákærða var þá bent á að skjöl vegna þjónustusamnings við skráningarfyrirtækið Transfer Online, dags. 1. nóvember 2004, bls. 1249-1253 í gögnum málsins, virtust öll vera undirrituð af ákærða. Sagði ákærði þá að þetta væri ekki sín undirskrift. Sagðist hann ekki kannast við að hafa gefið leyfi fyrir því að skjölin væru undirrituð með þessum hætti.

Undir ákærða var nú borin ávísun stíluð á ákærða frá Napis að fjárhæð 275.000 dollarar, bls. 1266, og yfirlit yfir bankareikning Napis, bls. 1262, þar sem fram kæmi útborgun á sömu fjárhæð af reikningnum hinn 23. janúar 2006. Ákærði sagðist kannast við þetta og sagði að þarna hefði David verið að greiða honum til baka það sem hann skuldaði honum. Hann sagði að vel gæti verið að miðað við gengið á þessum tíma hefði verið um 17 milljónir íslenskra króna að ræða. Ákærða var þá bent á að umræddar greiðslur hefðu komið frá Napis en ekki David og var ákærða bent á það að hann hefði verið skráður hluthafi í Napis á þessum tíma. Sagði ákærði þá að á þessum tíma hefði hann ekki átt að eiga hlut í Napis, en fyrir mistök hefði hann verið skráður sem hluthafi.

Undir ákærða var nú borinn hluti af útboðslýsingu vegna skuldabréfaútboðsins í Kauphöllinni á Ermarsundseyjum, dags. 18. október 2006, bls. 1407-1409, en þar kæmi fram að hann ætti 25% hlut í félaginu. Sagðist ákærði ekki hafa lagt inn þessa skráningu og sagði að þetta hljóti að hafa gerst fyrir einhver mistök.

Þá var borinn undir ákærða afrit tölvupósts frá honum, dags. 24. október 2006, til manns, sem setið hefði í stjórn Napis, en ákærði hefði undirritað hann sem „Fellow Board Member“, bls. 568. Sagðist ákærði ekki hafa neina skýringu á því af hverju hann hefði undirritað tölvupóstinn með þessum hætti, en hann sagðist ekki hafa verið í stjórn Napis á þessum tíma. Ákærði sagðist hins vegar hafa setið í stjórn VSP á þessum sama tíma.

Tölvuskeyti ákærða, bls. 929-934, sem send voru til Micheal K, Rob og David Spargo 25. október 2006 voru nú borin undir ákærða, en honum var kynnt að viðhengi tölvuskeytanna hefðu að geyma óundirritað framsal hans á hlutabréfeign hans í Napis Inc. til Páls Halldórssonar. Sagðist ákærði halda að þarna hefði verið komið í ljós að hann væri skráður hluthafi í fyrirtækinu fyrir mistök og með þessu hefðu þeir verið að leiðrétta þá skráningu. Sagðist ákærði kannast við að þetta hefði átt sér stað, en væntanlega hefði þetta ekki gengið eftir þar sem hann hefði enn verið skráður eigandi 25% hlutafjár í félaginu síðar. Þá sagðist ákærði ekki hafa sett sig í samband við Pál vegna málsins og sagðist hafa gert ráð fyrir að þeir, sem sent hefðu tölvupóstinn, myndu gera það. Ákærða var þá bent á að í lögregluskýrslu hefði hann borið um það að á þessum tíma hefði hann talið að þessi bréf væru verðlaus. Sagði ákærði þá að hann hefði ekki fengið greitt fyrir bréfin við þetta framsal, enda hefði skráningin verið hugsuð sem veð, sem verið væri að aflétta með þessu.

Undir ákærða var nú borinn tölvupóstur frá netfanginu rmatter@cox.net, sem sennilega væri Robert Matter, starfsmaður Napis, til ákærða, dags. 6. febrúar 2007, og var ákærða bent á að í viðhengi með tölvupóstinum kæmi fram að ákærði ætti 25% í félaginu, bls. 570-571. Sagði ákærði þá að tölvupósturinn bæri ekki með sér að þar væri átt við eignarhlut í Napis. Sagðist ákærði ekki hafa skýringar á þessu, en sagðist helst halda að þarna hefðu menn verið að kasta á milli sín einhverri viðskiptahugmynd, sem aldrei hefði neitt orðið af. Sagðist ákærði halda að algjör tilviljun hefði ráðið því að hlutur hans væri talinn 25% í skjalinu.

Undir ákærða var nú borið svar Interpol Washington við fyrirspurn ríkislögreglustjóra, dags. 17. apríl 2007, bls. 385, þar sem fram kemur að ákærði var á þeim tíma skráður sem „principal shareholder“ og „director“ í Napis. Sagði ákærði þá að svona hefði skráningin verið áður en hún var leiðrétt.

Ákærða var því næst bent á framburð Lori Livingston í lögregluskýrslu hinn 6. apríl 2008, bls. 2774, en þar héldi hún því fram að ákærði hefði verið einn af hluthöfunum í Napis. Ákærði sagði þá að Lori hefði verið starfsmaður Transfer Online, sem hefði verið umsýslufyrirtæki fyrir Napis. Sagðist ákærði hafa hitt Lori, en ekki sem hluthafi. Sagðist hann halda að hún hefði ekki haft aðrar upplýsingar um hluthafa í félaginu en þær sem skráðar voru í fyrirtækjaskrá.

Undir ákærða var því næst borið bréf Davids Spargo, dags. 20. apríl 2007, til hluthafaskrár í Arizona þar sem farið er fram á að nafn ákærða verði afmáð af lista yfir stjórnendur Napis fyrir árin 2004, 2005 og 2005 þar sem ákærði hefði ekki verið réttilega tilnefndur í þessi störf. Ákærði var beðinn um skýringar á því af hverju þetta hefði ekki verið gert fyrr og af hverju þetta hefði verið gert á þessum tíma. Svaraði ákærði því svo til að þessi ranga skráning hefði komið í ljós þegar mál þetta kom upp, en hann sagðist ekki hafa vitað af því að hann væri enn skráður í stjórn félagsins á þessum tíma. Þegar það hefði komið í ljós hefði skráningin verið leiðrétt.

Ákærði var því næst spurður út í atvik máls að því er varðar 1. ákærulið. Aðspurður sagði ákærði að Napis hefði aldrei átt neina fjármuni á reikningi hjá VSP. Ákærði var þá spurður að því af hverju því væri haldið fram í skjali með yfirskriftinni tryggingavörslusjóðir (Collateral Trust Funds). Sagði ákærði þá að þegar komið

hefði til álita að skrá útboðsáætlun á Guernsey hefði komið til tals að VSP tæki þátt í því ferli gegn þóknun. Af þeirri ástæðu hefði nafn VSP komið fram í fyrri útgáfu af skráningarlýsingunni. Skjal með yfirskriftinni tryggingavörslusjóðir (Collateral Trust Funds) hefði verið útbúið af þessu tilefni. Ákærði sagði að ef af viðskiptum hefði orðið og einhver skuldabréf hefðu verið gefin út á Guernsey, t.d. að andvirði 100 milljónir dollara, hefði Napis sett tryggingu að sömu fjárhæð inn á vörslureikning hjá VSP, þ.e. áður en skuldabréfin hefðu verið gefin út og peningar afhentir. Sagðist ákærði hafa verið búinn að sjá þær tryggingar sem Napis hafði á bak við sig á Spáni og hefði lögmaður Napis og David Spargo verið búnir að staðfesta þær tryggingar. Sagðist ákærði ekki hafa haft neina ástæðu til að rengja það mat. Sagði ákærði að mikið traust hefði ríkt á milli hans og Davids. Ákærði sagði að hafa þyrfti í huga að af þessum viðskiptum hefði ekki orðið og ekkert skuldabréf hefði selst.

Ákærði viðurkenndi að hafa lánað David Spargo fyrir skráningargjaldinu vegna skráningar á útboðslýsingunni. Undir ákærða var borinn tölvupóstur frá David til ákærða, bls. 940, þar sem fram kemur að hann þurfi 20.000 dollara að láni frá ákærða í nokkra daga til að borga laun. Fram komi í svarskeyti frá ákærða að hann hafi sent þetta, en að hann vilji fá að vita hvenær hann fái þetta til baka því að hann hafi farið nokkuð djúpt í vasana til að leggja út hina peningana, eins og það er orðað í skeytinu. Sagðist ákærði þarna hafa verið að vísa til lánsins vegna skráningargjaldsins að fjárhæð 8650 pund, en einnig sagði hann að sig minnti að hafa lánað David 20.000 dollara.

Undir ákærða voru nú bornar fyrstu þrjár síðurnar í útboðslýsingu (Offering Circular), dags. 18. október 2006, bls. 1351-1353. Var ákærða bent á að þessi gögn hefðu verið haldlögð af lögregluþvöldum á Guernsey og því hefðu þessi skjöl verið lögð fram á markaðnum úti. Ákærði benti þá á að komið hefði til tals að VSP kæmi að skráningu á útgáfuáætluninni á Guernsey og þá hefði þessi útgáfa af skjalinu verið útbúin. Síðar hefði verið ákveðið að VSP kæmi ekki að skráningunni og þá hefði annað skjal verið útbúið og hefði ætlunin verið að það skjal færi til Kauphallarinnar í Guernsey. Fyrir einhver mistök, sem ákærði kvaðst ekki geta skýrt, hefði það skjal hins vegar ekki verið sent þangað heldur skjalið á bls. 1351 í gögnum málsins. Hann sagði að VSP hefði ekki átt að hafa neitt hlutverk með höndum við skráninguna og nafn VSP hefði ekki átt að koma fram í skjalinu. Ákærði sagði að hætt hefði verið við að senda fyrra skjalið og sagðist hann ekki geta borið ábyrgð á því hvað David Spargo sendi til Kauphallarinnar. Þá sagðist ákærði ekki hafa séð þá útgáfu sem að lokum hefði verið send til Kauphallarinnar.

Ákærði var spurður að því til hvers nota hefði átt þá fjármuni, sem komið hefðu út úr skuldabréfaútböðinu á Guernsey. Sagði ákærði þá að Napis hefði ætlað að ávaxta þessa fjármuni á einn eða annan hátt. Á einhverjum tímapunkti hefði það verið rætt að Napis kæmi í fjárstýringu hjá VSP, en ekkert hefði orðið úr því, enda hefðu engin skuldabréf selst og engir fjármunir komið út úr útböðinu.

Undir ákærða voru nú bornar fyrstu þrjár síðurnar í lokaútboðslýsingu (Final Offering Circular), dags. 17. október 2006, bls. 125-127, sem borist hefði frá David Spargo. Ákærði sagði að þetta væri lokaútgáfan af skjalinu og endurtók að hann hefði ekki séð útgáfuna, sem farið hefði inn til Kauphallarinnar.

Undir ákærða var nú borið skjal með yfirskriftinni tryggingavörslusjóðir (Collateral Trust Funds), dags. 25. október 2006, bls. 29. Kvaðst ákærði kannast við þetta skjal, sem og undirritun sína undir því. Ákærði sagðist hafa útbúið þetta skjal í tengslum við skráningu útboðslýsingarinnar, þ.e. á þeim tíma þegar ætlunin var sú að VSP tæki þátt í útboðinu. Sagði ákærði að ef VSP hefði tekið þátt í útboðinu hefði þetta skjal átt að fylgja fyrri útgáfu útboðslýsingarinnar. Ákærði sagðist aðspurður ekki muna það sérstaklega af hverju hætt hefði verið við það að VSP tæki þátt í útboðinu, en um hefði verið að ærða stórt útboð og það hefði ekki beint verið hlutverk VSP að taka þátt í slíkum útboðum. Þá benti ákærði á að í útboðslýsingunni væri ekki minnst á skjalið tryggingavörslusjóðir (Collateral Trust Funds). Ákærði sagði að á þessum tíma hefðu þeir verið að undirbúa eitt og annað og hefði þetta skjal verið hluti af því. Ekkert hefði hins vegar orðið af þessum áformum og því hefði þetta skjal ekkert gildi haft. Aðspurður sagðist ákærði hafa beðið Maríu Björk að undirrita skjalið líka því það hefði verið viðskiptavenja að tveir undirrituðu slík skjöl.

Undir ákærða var nú borinn tölvupóstur frá David Spargo til ákærða, dags. 18. október 2006, bls. 913, þar sem fram kemur að efni tölvupóstsins sé „CT agreement“. Sagðist ákærði ekki geta staðfest til hvers verið væri að vísa þarna, en honum dytti í hug að átt væri við „Collateral Trust“. Spurður út í efni tölvupóstsins sagði ákærði að þetta hefði verið hluti af þeim skjölum sem gengið hefðu á milli, en hins vegar hefði niðurstaðan verið sú að VSP tæki ekki þátt í útboðinu. Ákærða var þá bent á að í tölvupóstinum væri hann beðinn um að undirrita skjalið og senda til baka svo að hægt væri að senda það til Kauphallarinnar. Sagði ákærði þá að þetta hefði samt ekki verið hluti af lokaútgáfunni, sem hefði átt að fara til Kauphallarinnar. Ákærða var þá bent á að tölvupósturinn væri dagsettur 18. október 2006. Sagðist ákærði ekki hafa skýringu á því, en ítrekaði að VSP hefði ekki átt að taka þátt í útboðslýsingunni.

Undir ákærða var borið skjal með yfirskriftinni „Collateral Trust Funds“, dags. 17. október 2006, bls. 2315, en það beri með sér að hafa verið sent með faxi 18. desember 2006 frá Sparisjóðabanka, en á skjalinu væri einnig dagsetningin 18. október 2006. Var ákærða bent á að þetta fax hefði verið haldlagt af lögreglu í Kauphöll Ermarsundseyja, þ.e.a.s. um væri að ræða skjal sem borist hefði til Kauphallarinnar. Ákærði sagðist ekki vera með skýringu á því af hverju skjalið hefði fundist hjá Kauphöllinni. Hann ítrekaði hins vegar að ekki hefði verið ætlunin að VSP tæki þátt í útboðinu, en vel gæti verið að einhver gögn hefðu farið til Kauphallarinnar á þeim tíma sem þátttaka VSP kom til álita. Ákærði sagði að skjalið stafaði frá sér, en ítrekaði að lokaniðurstaðan hefði verið sú að VSP tæki ekki þátt í þessu útboði. Ákærða var þá bent á að skjalið bæri með sér að hann hefði sent það um hæl eftir að tölvupósturinn á bls. 913 barst honum. Sagði ákærði þá að þetta hefði breyst á síðustu metrunum og í lokaútgáfu útboðslýsingarinnar hefði ekki verið minnst á VSP.

Ákærði staðfesti að áhugasamir kaupendur hefðu haft samband við hann í kjölfar þessa alls og í þeim samskiptum hefði m.a. skjalið „Collateral Trust Funds“ komið til umræðu. Ákærða var bent á tölvupóst sem farið hefðu á milli hans og manns að nafni Tim Webb í janúar 2007, bls. 980-984, en þar staðfesti ákærði að VSP væri með fjármuni frá Napis í vörslum sínum sem tryggingu. Sagði ákærði þá að í janúar 2007 hefði aftur komið upp sú hugmynd að ef af viðskiptum með skuldabréf Napis

yrði að ræða yrði VSP umsýsluaðilinn, þ.e. myndi sjá um að viðskiptin gengju í gegn. Ákærði sagði að Tim Webb væri stofnanafjórðing og hann hefði vitað nákvæmlega hvernig staðan var, þ.e. að um áætlanir væri að ræða en ekki eitthvað sem búið væri að ganga frá. Ákærða var þá bent á efni tölvupósts frá honum, dags. 12. janúar 2007, bls. 980, þess efnis að meðfylgjandi væri reikningsyfirlit. Einnig að vegna erfiðleika í kerfinu væri það á excel-formi, en ef Tim Webb óskaði eftir því gæti hann sent það undirritað og stimplað. Ákærði var spurður að því hvort Tim Webb hefði ekki mátt ætla að þarna væri veitt yfirlit yfir innistæður hjá VSP og hvort það hefði ekki verið markmið ákærða með sendingu tölvupóstsins að fá áðurgreindan mann til að trúa því að þær væru í vörslu VSP. Ákærði svaraði því svo til að þessi tölvuskeyti sýndu ekki öll samskipti þeirra TimWebbs, en þeir hefðu átt frekari samskipti þar sem komið hefði fram hver raunveruleg staða var. Ákærði kvaðst aðspurður ekki muna við hvaða erfiðleika í kerfinu hann átti í tölvupóstinum.

Tölvupóstsamskipti ákærða við mann að nafni Paolo F. Santos, bls. 574-597, voru nú borin undir ákærða. Ákærða var bent á að Paolo hefði spurst fyrir um skuldabréfaútbodið, sent honum skjalið „Collateral Trust Funds“ og óskað eftir upplýsingum um það skjal. Ákærði var spurður að því af hverju hann hefði ekki leiðrétt þann misskilning sem upp hefði verið kominn, þ.e. komið þeim upplýsingum á framfæri að þetta skjal hefði aldrei átt að fara út. Ákærði svaraði því svo til að viðkomandi maður væri stofnanafjórðing og hann hefði ekki verið að spá í einhverja tryggingu. Ákærði sagðist ekki vita hvar þessi maður hefði fengið skjalið, en sjálfur hefði hann ekki sent skjalið út. Hann sagði að viðkomandi maður hefði haft samband við sig því ætlun þeirra Davids hefði verið sú að ef einhver viðskipti ættu sér stað með skuldabréf Napis myndi VSP annast sölu bréfanna. Ákærði sagðist ekki hafa haft samband við neinn að fyrra bragði vegna hugsanlegrar sölu á umræddum skuldabréfum.

Ákærði kannaðist við að hafa haft samskipti við konu að nafni Gina Scialla vegna hugsanlegrar sölu á skuldabréfum í Napis, en ákærði sagði að hún hefði sýnt áhuga á kaupum á skuldabréfunum. Ákærði benti hins vegar á að Gina hefði unnið náðið með David og sagðist ákærði hafa gert ráð fyrir að hún vissi hver staðan væri.

Ákærði var því næst spurður út í 2. lið ákærunnar. Undir hann var borið skjalið „Certificate of Deposit“, bls. 329-330. Kvaðst ákærði kannast við efni skjalsins og undirskrift sína undir því. Hann sagði að Napis hefði ekki átt 200 milljónir bandaríkjadala á reikningi hjá VSP eins og staðhæft væri í skjalinu. Hann sagði að Napis og EC4 Petrochem hefðu verið með lánasamning sín á milli þar sem EC4 Petrochem hefði skuldbundið sig til að lána Napis 150 milljónir bandaríkjadala og hefði ætlunin verið sú að þeir fjármunir kæmu inn á reikning hjá VSP. Ákærði sagði að fullyrt hefði verið að EC4 Petrochem ætti þessa fjármuni á reikningi sínum hjá Bank of Scotland. Ef EC4 Petrochem hefði staðið við samning sinn við Napis hefðu 150 milljónir bandaríkjadala komið inn á reikning hjá VSP. Ákærði sagði að þessi fjárhæð hefði hins vegar aldrei verið greidd út nema Napis sýndi fram á tryggingar í formi hlutabréfa eða reiðufjár að fjárhæð 200 milljónir bandaríkjadala í vörslu VSP. Með útgáfu skjalsins „Certificate of deposit“ sagðist ákærði aðeins hafa verið að staðfesta að VSP myndi greiða þessar 200 milljónir bandaríkjadala til baka á gjalddaga, en ekki hefði verið um það að ræða að VSP væri að veita einhverja ábyrgð. Engir peningar hefðu hins vegar komið til VSP og því hefðu þessu áform fallið um sjálf sig og skjöl þeim tengd orðið ógild. Þá benti ákærði á að

áður nefnt skjal væri ekki frumrit.

Ákærða var þá bent á að fram kæmi í lögregluskýrslu vitnisins Faisal Kasim, bls. 3102, að David Spargo hefði lofað því að helmingur fjárins færi til fjárfestinga á vegum EC4 Petrochem á Filippseyjum. Sagðist ákærði ekki hafa vitað hvað þeim Faisal Kasim og David Spargo fór á milli, en sagði að þessir fjármunir hefðu aldrei farið út af reikningi VSP nema aðrar tryggingar hefðu komið í staðinn. Ákærði sagði að yfirlýsingin á bls. 329-330 hefði aldrei orðið virk nema EC4 Petrochem hefði fengið frumrit hennar í sínar vörslur. Það hefði hins vegar ekki gerst.

Ákærða var bent á að í skýrslu sinni hjá lögreglu hefði ákærði útskýrt muninn á þessum fjárhæðum, 150 milljónum bandaríkjadala annars vegar og 200 milljónum bandaríkjadala hins vegar, með þeim hætti að hann hefði ætlað að ávaxta fjármunina svo vel að öll upphæðin kæmi til baka. Ákærði sagði að þó svo eitthvað hefði ekki gengið og tryggingar ekki skilað sér hefðu vextir á millibankamarkaði á þessum tíma verið með þeim hætti að 150 milljónir bandaríkjadala hefðu skriðið vel yfir 200 milljónir í lok tímabilsins. Á þessum tíma hefði þetta verið talin örugg ávöxtun. Ákærði sagðist ekki hafa minnst á aðrar tryggingar Napis hjá lögreglu því ekki hefði verið spurt út í þær.

Undir ákærða var nú borin íslensk þýðing á lánasamningi á milli Napis og EC4 Petrochem, bls. 477-486. Ákærði sagði að skjalið „Certificate of deposit“ hefði aldrei verið hugsað sem ábyrgðarskjal. Þá hefði EC4 Petrochem átt að eiga þessa fjárhæð handbæra inni á sínum reikningi hjá Bank of Scotland. Hefði það komið skýrt fram í samtölum við fyrirsvarsmenn þess félags. Sagðist ákærði ekki hafa sent áðurgreint skjal til Bank of Scotland í þeim tilgangi að fá greitt út lán, heldur aðeins til að staðfesta að fjármunirnir yrðu greiddir til baka. Aðspurður sagði ákærði að Bank of Scotland hefði beðið um að þetta skjal yrði sent og sagðist ákærði ekki geta skýrt af hverju bankinn þurfti á þessu skjali að halda til að EC4 Petrochem gæti tekið út innistæðu sína á reikningi hjá bankanum. Sagðist hann ekki hafa vitað hvernig viðskiptum EC4 Petrochem við Bank of Scotland var háttað.

Ákærða var bent á að í 14. kafla áðurgreinds lánessamnings kæmi fram að lántaki skyldi sjá til þess að VSP sendi MTN og CD með swift-skeyti, ásamt staðfestingu á AVAL og ábyrgð VSP með fullri verðbréfamíðlunarábyrgð á öllum greiðslum til lánveitanda o.s.frv. Aðspurður kvaðst ákærði hafa sent þessi swift-skeyti til Bank of Scotland. Ákærði var þá spurður um tilgang þess að senda þessi skjöl til Bank of Scotland í ljósi þess að EC4 Petrochem ætlaði aðeins að taka út innistæðu af reikningi sínum hjá bankanum. Sagðist ákærði ekki hafa skýringu á þessu, en ítrekaði að félagið hefði átt að eiga þessa fjármuni handbæra á reikningi hjá bankanum. Aðspurður kvað hann það aldrei hafa komið til tals að félagið þyrfti á þessum skjölum að halda til að fá lán hjá bankanum.

Undir ákærða var þá borið skjalið „Confirmation of Readiness to Proceed“, sent til Bank of Scotland 13. febrúar 2007, bls. 345, (íslensk þýðing á bls. 502). Ákærði kvaðst kannast við þetta skjal og undirritun sína undir það. Hann sagði að venja hefði verið að tveir skrifuðu undir slík skjöl og því hefði María Björk einnig ritað undir skjalið. Ákærða var bent á að í skjalinu staðfesti ákærði að VSP hefði í vörslum sínum annars vegar skuldabréf að fjárhæð 200 milljónir bandaríkjadala og hins vegar innlánesskírteini að fjárhæð 200 milljónir bandaríkjadala. Ákærði var inntur eftir því hvort þessar staðhæfingar hefðu verið sannleikanum samkvæmar.

Sagði ákærði þá að með sendingu skjalsins hefði VSP verið að tilkynna Bank of Scotland að VSP væri reiðubúið að taka við þeim 150 milljónum bandaríkjadala, sem EC4 Petrochem ætlaði að taka út af reikningi sínum í bankanum og að VSP myndi greiða til baka 200 milljónir bandaríkjadala á lokagjaldsdaga. Aðspurður sagðist hann ekki vita hvort þetta væri venjan í slíkum tilvikum, en í þessu tilviki hefði verið óskað eftir þessu. Ákærði var þá spurður að því hvaða hagsmuni Bank of Scotland hefði haft af því að fá það staðfest að VSP ætlaði að borga EC4 Petrochem til baka. Sagðist ákærði ekki hafa skýringu á því, en sagði að Bank of Scotland hefði óskað eftir þessu. Þá sagði ákærði að hafa þyrfti í huga að engir fjármunir hefðu borist frá Bank of Scotland og frumrit skjalsins hefði aldrei farið úr húsi. Sagðist hann því ekki sjá til hvaða áhættu hann hefði verið að stofna fyrir VSP.

Þá voru borin undir ákærða swift-skeyti, send til og frá Bank of Scotland í febrúar 2007, bls. 346-348. Ákærða var bent á að í skeyti frá Bank of Scotland til Icebank á bls. 348 sé farið fram á staðfestingu á bankareikningi og stöðu ákærða. Sagðist ákærði ekki sjá betur en að þarna væri Bank of Scotland að spyrjast fyrir um það hvert hann ætti að senda þessar 150 milljónir bandaríkjadala og óska eftir staðfestingu á bankareikningnum.

Tölvupóstsamskipti ákærða við Diane Stewart, starfsmann Bank of Scotland, bls. 632-639, voru nú borin undir ákærða. Sagði ákærði að þarna hefði hann verið að láta starfsmanninn vita af því að hann hefði sent þau skjöl, sem beðið hefði verið um. Sagðist ákærði hafa verið að fylgja því eftir að þessi gögn bærust til Bank of Scotland, þ.e. að VSP myndi taka við peningunum og að VSP myndi greiða 200 milljónir bandaríkjadala til baka á gjaldsdaga.

Tölvupóstsamskipti ákærða við Jim Johnstone hjá Midscot, bls. 673-674, voru nú borin undir ákærða. Ákærða var bent á að í tölvupóstinum megi sjá feril sendingar hans með hraðsendingarfyrirtækinu FedEx frá Hafnarfirði til Stirling í Skotlandi. Sagðist ákærði væntanlega hafa verið að senda afrit af þeim skjölum, sem hann hafði þegar sent með swift-skeyti. Ákærði var spurður hvers vegna hann hefði verið að því í ljósi þess að hann hafði þegar sent þessi skjöl með swift-skeyti og tölvupósti. Sagði ákærði þá að Bank of Scotland hefði óskað eftir því að hann sendi bankanum þessi afrit. Hann sagðist ekki hafa skýringu á því hvers vegna bankinn vildi fá skjölin á þessu formi einnig. Hann sagði að frumrit skjalanna hefðu hins vegar aldrei farið úr húsi.

Ákærða var þá bent á að í skýrslu hans hjá lögreglu, bls. 3225, hefði hann sagt að hann myndi ekki betur en að hann hefði sent frumrit skjalsins með hraðpósti, sennilega FedEx hraðsendingaþjónustu, til Bank of Scotland og þar hefði Diane Stewart tekið við því. Ákærði sagðist ekki muna eftir að hafa sagt þetta, en ef þetta stæði í lögregluskýrslunni hlyti hann að hafa sagt eitthvað þessu líkt. Hins vegar hefði hann dregið þetta til baka í síðari skýrslum sínum hjá lögreglu. Sagðist hann vera viss um að frumritið hefði ekki farið úr húsi heldur einungis afrit. Ákærði sagði að þegar hann hefði gefið fyrstu skýrslu sína um málið hjá lögreglu hefði hann verið nýkominn úr löngu flugi og ekki verið búinn að átta sig á því um hvað þetta mál snerist.

Tölvupóstur frá Birgi Ómari Haraldssyni til Péturs Guðmundarsonar, dags. 18. apríl 2007, var nú borinn undir ákærða, bls. 218. Ákærði kvaðst ekki muna eftir að hafa

sagt við Birgi Ómar að aðeins „Certificate of deposit“ hjá Bank of Scotland væri áhætta fyrir VSP.

Næst var borið undir ákærða swift-skeyti hans til Chinatrust Commercial Bank á Filippseyjum, dags. 20. mars 2007, bls. 352. Kvaðst ákærði kannast við þetta skeyti. Sagðist hann aldrei hafa fengið neinar skýringar á því hvers vegna MC4 Prochem fékk ekki peninga hjá Bank of Scotland. Komið hefði fram hjá Faisal Kasim og Jim Johnstone að þeir vildu frekar nota annað fyrirtæki í þeirra eigu fyrir áðurgreindan lánasamning. Komið hefði fram hjá þeim að þeir ættu þessa peninga handbæra. Í tilefni af því hefði skjalið á bls. 352 verið útbúið. Ákærði var inntur eftir því hvort engar grunsemdir hefðu vaknað hjá honum þegar í ljós hefði komið að þessi aðilar hefðu ekki getað tekið út peninga í Bank of Scotland og síðan ættu þeir líka 200 milljónir bandaríkjadala á reikningi í öðrum banka. Sagði ákærði að svo hefði ekki verið. Sagðist hann hafa rætt málið í síma við Jim Johnstone og að hans áliti hefði Jim gefið fullnægjandi skýringar á þessu.

Ákærða var bent á að í skeytinu lýsti hann sig reiðubúinn til að senda frumritið ef óskað yrði eftir því og væri enginn fyrirvari settur fyrir sendingu frumritsins í skeytinu. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa sent frumritið. Sagði ákærði að þrátt fyrir orðalag skeytisins hefðu fjármunirnir fyrst orðið að berast frá Chinatrust til VSP áður en hann sendi frumritið. Einnig hefði Napis orðið að leggja fram sínar tryggingar áður en frumritið yrði sent.

Ákærða var bent á að umrætt skeyti hefði verið sent í swift-kóða 999, sem þýði að um óstaðfest skeyti sé að ræða. Samt sem áður segi í skeytinu að um staðfest swift-skeyti sé að ræða. Sagðist ákærði muna það eitt að þegar hann hefði verið að senda þessi skeyti hefði hann reynt að fá leiðbeiningar um það hvernig ætti að senda þau án þess að þau væru skuldbindandi fyrir VSP því VSP hefði ekki verið að ábyrgjast neitt með skeytunum. Ákærði var þá spurður að því hvers vegna það kæmi fram í textanum að um staðfest skeyti væri að ræða. Sagðist ákærði þá ekki hafa sett þetta inn í skeytið og sagðist hann halda að þetta hefði komið frá swift-deildinni.

Tölvupóstur ákærða til starfsmanns Chinatrust frá 20. mars 2007, bls. 716, var nú borinn undir ákærða og honum bent á að þar byðist hann einnig til þess, án alls fyrirvara, að senda frumrit innlánskírteinisins til Chinatrust og senda swift-skeytið í gegnum annan banka. Ákærði sagði að þrátt fyrir þetta hefði frumrit skjalsins aldrei verið sent nema fjármunirnir hefðu áður borist VSP.

Skjal á bls. 736 var nú borið undir ákærða. Sagðist ákærði halda að Icebank hefði ekki verið með beint samband við Chinatrust og því hefði þurft að senda swift-skeytin í gegnum JP Morgan.

Aðspurður kvaðst ákærði hafa talið sig hafa heimild til þess að útbúa þessi skjöl sem framkvæmdastjóri VSP, enda hefði hann verið að reyna að fá fé í stýringu. Hann sagði að VSP hefði ekki haft lánaheimildir og ekki haft leyfi til að gangast í ábyrgð. Kvaðst hann ekki hafa talið að VSP væri með þessum gjörningum að lána eða ábyrgjast eitt eða neitt. VSP hefði ekki verið að taka ábyrgð á greiðslu 200 milljóna bandaríkjadala heldur að staðfesta að fjárhæðin yrði greidd til baka.

Spurður af verjanda sínum sagðist ákærði hafa séð lokadrögin af útgáfuáætluninni þar sem VSP væri ekki getið og sem senda hefði átt til Kauphallarinnar á

Ermarsundseyjum, en hins vegar hefði hann ekki vitað hvaða útgáfa hefði að endingu verið send til Kauphallarinnar. Ákærða var þá bent á það af sækjanda að hjá lögreglu hefði lokaútgáfan verið borin undir hann og þá hefði hann tjáð lögreglu að hann hefði ekki séð þetta skjal áður. Ákærði sagði að hugsanlega hefði hann misskilið spurningar lögreglu.

Ákærði sagði að David hefði haft áhuga á því að setja það fé, sem hugsanlega kæmi út úr sölu skuldabréfanna á Ermarsundseyjum, í stýringu hjá VSP. David hefði beðið hann um að koma með hugmynd að eignasamsetningu og sagðist hann hafa sett upp drög að henni. Sagði ákærði að þau skjöl sem hann hefði sent David hefðu sýnt stöðuna á þeirri eignasamsetningu á þeim tíma sem skeytin voru send. Aðeins hefði verið um hugleiðingar þeirra Davids að ræða.

Ákærði sagðist hvorki hafa sent frumrit af skjalinu „Collateral Trust Funds“ né skjalinu „Certification of deposit“ frá VSP. Benti ákærði á að ef hann hefði sent frumritið úr húsi til Bank of Scotland hefði það fundist í fórum bankans.

Ákærði sagði að hann hefði ekki haft neinn hagnað af þessum viðskiptum. Hann hefði hins vegar verið framkvæmdastjóri VSP og hann hefði borið hag þess fyrirtækis fyrir brjósti og viljað að eignir í stýringu og tekjur fyrirtækisins ykjast. Persónulega hefði hann ekki fengið neinn bónus ef af þessum viðskiptum hefði orðið vegna þess að VSP hefði ekki greitt bónusa.

Ákærði gaf skýrslur hjá lögreglu 13. apríl, 1. og 2. maí, 11. og 16. júní og 2. október 2007. Einnig gaf ákærði skýrslur hjá lögreglu 26. febrúar og 4. nóvember 2009.

IV.

Framburður vitna.

Vitnið Birgir Ómar Haraldsson sagðist hafa verið stjórnarformaður VSP á þeim tíma er atvik málsins áttu sér stað. Hann sagði að VSP hefði verið stofnað af Sparisjóði Hafnarfjarðar á sínum tíma og hefði síðan verið keypt af sparisjóðunum. Um hefðbundið verðbréfafyrirtæki hefði verið að ræða með verðbréfamiðlun og rekstur sjóða. Hann sagði að sig minnti að um sex manns hefðu unnið hjá VSP. Hann sagði að ekki hefði verið um stórt fyrirtæki að ræða. Hann sagði að ákærði hefði áður starfað hjá Verðbréfafjónustu Sparisjóðs Hafnarfjarðar og eftir sölnu til sparisjóðanna hefði hann haldið áfram að starfa hjá fyrirtækinu. Í fyrstu hefði hann starfað sem verðbréfamiðlari, en síðar hefði hann verið ráðinn sem framkvæmdastjóri. Hann sagði að ákærði hefði staðið sig ákaflega vel í starfi, að undanskildum þeim tilvikum sem hér væru til umfjöllunar.

Hann sagði að málið hefði byrjað með því að María Björk Ásbjarnardóttir hefði hringt í hann og tjáð honum að einhver einkennileg skjöl væru að dúkka upp. Sagðist hann strax hafa farið á skrifstofu VSP og þar hefðu þau María Björk farið yfir málið. Jafnframt hefðu þau kallað til endurskoðanda fyrirtækisins og innri endurskoðanda og aðra þá aðila sem þau töldu gott að fá til þess að meta hvað þarna væri á ferðinni. Fljótlega hefði komið í ljós að um var að ræða skjöl, sem

enginn vissi um. Í kjölfarið hefði lögmaður fyrirtækisins verið kallaður til og þá hefðu þau tilkynnt málið til lögreglufirvalda. Stjórninni hefði síðan verið gert viðvart um málið og sagði hann að sig minnti að málið hefði verið kært til lögreglu á öðrum eða þriðja degi.

Hann sagðist ekki muna hvaða skýringar ákærði gaf á þessum skjölum. Hann sagði að þessi tími hefði verið reyfarakenndur á margan hátt. Fólk hefði hringt mikið erlendis frá, þ.e. Bandaríkjunum og Bretlandi, til að spyrjast fyrir um hvort þetta væru rétt skjöl og hefðu þau reynt að finna út úr þessu eftir bestu getu. Hann sagðist ekki vita til þess að fyrirtækið Napis hefði nokkurn tíma átt fjármuni inni á reikningum VSP.

Bréf Péturs Guðmundarsonar hæstaréttarlögmanns til Fjármálaeftirlitsins, bls. 25-26, var nú borið undir vitnið. Vitnið staðfesti það sem fram kæmi í bréfinu að við þessar aðstæður hefði ekki verið annar kostur í stöðunni en að hætta starfsemi fyrirtækisins. Hann sagði að ætlunin hefði verið sú að VSP yrði sameiginlegur vettvangur sparisjóðanna á sínum tíma, en af því hefði reyndar aldrei orðið þar sem margir sparisjóðanna hefðu rekið sambærileg fyrirtæki. Vitað sé að slík fyrirtæki þurfi ákveðinn massa í eignastýringu og veltu til þess að þau stæðu undir sér. Rekstur VSP hefði því ekki verið jákvæður í ársreikningunum. Þeir hefðu því metið það svo að reksturinn væri viðkvæmur og þegar þetta reyfarakennda tímabil hefði bæst við, mikil óvissa verið uppi og enginn vitað hvað væri fram undan hefði starfsemi fyrirtækisins verið sjálfhætt. Benti vitnið einnig á að starfsemi slíkra fyrirtæki byggðist á trausti. Aðspurður kvaðst hann telja að ef atvik málsins hefðu ekki komið upp hefði starfsemi VSP verið lífvænleg áfram þrátt fyrir að reksturinn væri viðkvæmur. Hann sagði að sig minnti að þeir hefðu reynt að kanna skuldbindingargildi umræddra skjala, en sagði að sig minnti að það hefði ekki verið auðvelt.

Tölvupóstur frá vitninu til Péturs Guðmundarsonar lögmanns, bls. 218-219, var nú borinn undir vitnið. Vitnið sagðist ekki muna hvort ákærði sagði honum að innlánskírteinið hjá Bank of Scotland væri áhætta fyrir VSP.

Hann sagði að VSP væri verðbréfafyrirtæki og hefði því ekki heimild til að taka við innlánnum. Ráðstafanir ákærða væru því óvenjulegar. Þá hefði efnahagur fyrirtækisins ekki verið stór og því hefði 100 milljóna bandaríkjadala viðskipti skipt máli fyrir rekstur fyrirtækisins. Ef um innlán hefði verið að ræða hefði það átt að vera skuldamegin í efnahagsreikningi fyrirtækisins og miðað við efnahagsreikning VSP hefði verið um mjög háa fjárhæð að ræða. Hann sagðist ekki hafa vitað af tengslum ákærða við David Spargo eða að hann væri skráður fyrir hlutafé í Napis. Hann sagði að ákærði hefði þurft að upplýsa regluvörð fyrirtækisins um eignarhlut sinn í Napis og sagðist vitnið ekki minnst þess að ákærði hefði upplýst fyrirtækið um hann. Í ljósi eignatengsla ákærða við Napis og þeirra reglna sem gilda um verðbréfafyrirtæki hefði ákærði ekki mátt koma að viðskiptum við það fyrirtæki. Hann sagðist ekki vita hvort Napis hefði einhvern tíma greitt VSP endurgjald. Loks sagðist hann aðspurður telja að með hliðsjón af fjárhæðum í viðkomandi skjölum og í hlutfalli af efnahagsreikningi VSP hefði ákærði farið út fyrir umboð sitt með útgáfu þessara skjala. Um hefði verið að ræða óvenjulegar og mikils háttar ráðstafanir.

Ráðningarsamningur ákærða og VSP á bls. 387 í gögnum málsins var nú borinn undir vitnið af verjanda. Vitnið sagði að samkvæmt samningnum hefði ákærði verið ráðinn sem framkvæmdastjóri VSP frá 1. nóvember 2005 til 30. apríl 2006.

Vitnið sagði að miðað við samskipti sín við ákærða myndi hann ekki telja að vakað hefði fyrir ákærða að svíkja VSP eða viðskiptavini fyrirtækisins. Hann sagði að það hefði verið sér ráðgáta og væri enn hver tilgangur ákærða var með útgáfu þessara skjala. Sagðist vitnið hafa átt mikil samskipti við ákærða á sínum tíma og sagði að hann væri hvers manns hugljúfi á margan hátt. Hann sagði að eftirlit stjórnar með starfsemi fyrirtækisins og framkvæmdastjórans hefði verið með hefðbundnum hætti. Þá sagðist hann halda að stjórn VSP hefði sett sér starfsreglur. Þá sagði vitnið að engar fjárhagsupplýsingar um fyrirtækið hefðu verið birtar á heimasíðunni. Hann sagðist halda að engri kröfu hefði verið lýst í þrotabú VSP vegna þessara gerninga.

Vitnið María Björk Ásbjarnardóttir sagðist hafa verið forstöðumaður miðlunar hjá VSP í byrjun árs 2007. Hún sagði að starfið hefði falist í miðlun verðbréfa, innlendra og erlendra og umsjón með uppgjöri á þeim. Hún sagði að ákærði hefði verið yfirmaður hennar. Hún sagði að 1. janúar 2005 hefði verið búið til nýtt fyrirtæki, Verðbréfaþjónusta sparisjóðanna, sem allir verðbréfasjóðirnir, nema Spron, hefðu átt aðild að. Sagðist hún hafa komið til starfa hjá VSP frá Verðbréfaþjónustu Sparisjóðs Hafnarfjarðar. Aðspurð sagði hún að fullkomið traust hefði ríkt á milli hennar og ákærða.

Undir vitnið var borið skjalið „Collateral Trust Funds“, dags. 25. október 2006, bls. 29 í gögnum máls. Hún staðfesti undirskrift sína undir skjalið. Hún sagðist ekki muna eftir þessari tilteknu undirritun. Þau ákærði hefðu oft verið að votta eitt og annað og mikið traust hefði ríkt á milli þeirra. Hún sagðist því ekki hafa haft ástæðu til að rengja það sem ákærði bað hana sem yfirmaður að skrifa undir. Hún sagðist því ekki hafa kannað hvort þessir fjármunir væru til staðar eður ei. Þá sagðist hún ekki hafa hugleitt hvort ákærði hefði heimild til að gefa út viðkomandi skjal og sagðist ekki hafa lesið skjalið yfir.

Tölvupóstasamskipti á milli ákærða og Tim Webb, bls. 980-984, voru nú borin undir vitnið, en póstur á bls. 981 hefði einnig borist vitninu. Aðspurt kvaðst vitnið ekki muna eftir þessum pósti og kvaðst ekki minnast þess að hafa rætt þennan póst við ákærða. Hún sagði að þetta hefði verið hans mál.

Undir vitnið var nú borið skjalið „Certificate of deposit“, dags. 12. febrúar 2007, bls. 329. Vitnið kannaðist við að hafa skrifað undir þetta skjal. Vitnið sagði að móðir sín hefði verið mjög veik á þessum tíma og legið á gjörgæsludeild og sagðist hún halda að hún hefði ritað undir skjalið daginn eftir fyrstu nótt móður hennar á gjörgæsludeildinni. Sagðist vitnið hafa verið inn og út úr vinnunni þennan dag því hún hefði verið að sinna móður sinni á sjúkrahúsinu. Hún sagði að ákærði hefði rétt sér þetta skjal og beðið hana um að skrifa undir það og sagðist hún hafa gert það án þess að lesa yfir gögnin.

Að því er varðar skjalið „Confirmation of Readiness to Proceed“, dags. 13. febrúar 2007, bls. 345, sagði vitnið að undirritun hennar undir skjalið hefði átt sér stað með svipuðum hætti og undir hitt skjalið. Hún sagði að ákærði hefði rétt henni þetta skjal með þeim orðum að þetta tengdist fyrra skjalinu.

Vitnið sagðist ekki hafa gert sér grein fyrir því á þessum tíma í hvaða tilgangi þessi skjöl voru gefin út. Þegar hún hefði farið að rifja þetta upp eftir á kvaðst hún hafa minnst þess að ákærði hefði minnst á það við sig að hann hefði gert einhvern samning við vin sinn í Arizona. Einnig hefði hann einhvern tímann ýjað að því að þessir fjármunir gætu komið í eignastýringu hjá VSP.

Vitnið sagði að ákærði hefði verið góður samstarfsmaður og vel liðinn.

Vitnið gaf skýrslu hjá lögreglu 23. apríl 2007.

Vitnið Ragnhildur Magnúsdóttir sagðist hafa starfað í ábyrgðardeild Icebank í byrjun árs 2007. Hún sagði að ábyrgðardeildin annaðist útgáfu ábyrgða fyrir hönd bankans og meðhöndlaði ábyrgðir sem bærust til viðskiptavina bankans. Hún sagðist vinna í ábyrgðardeild MP banka í dag. Aðspurð sagðist hún hafa mikla reynslu af notkun svokallaðra swift-skeyta. Hún sagði að swift-kerfið væri samskiptakerfi bankanna í heiminum. Bankar þyrftu t.d. að vera tengdir þessu kerfi til að geta sent greiðslur á milli banka. Hún sagði að allir bankar fengju átta stafa einkennisnúmer. Kóði Icebank hefði t.d. verið LSICISR. LS stæði fyrir Lánastofnun sparisjóðanna, en það hefði verið upphaflegt heiti Icebank, IC fyrir Icebank, en heiti bankans hefði ávallt verið það út á við, IS fyrir Ísland og R fyrir Reykjavík. Alltaf væri því hægt að sjá frá hvaða landi skeytið væri og oft frá hvaða borg. Hún sagði að swift-kerfið skiptist upp í flokka (categories) sem auðkenndir væru með þriggja stafa tölu. 100-199 þýddi greiðslur á milli landa, 200-299 þýddi greiðslur á milli bankanna sjálfra, 300-399 þýddi gjaldeyrisviðskipti, 400-499 þýddi innheimtur o.s.frv. Hún sagði að 700-799 þýddi ábyrgðir og sagðist hún hafa unnið með þann flokk. Þá sagði hún að skeytið 999 væri skeyti sem allir bankar gætu sent öllum án þess að vera tengdir, en til þess að senda svokölluð staðfest (authenticated) skeyti yrðu bankarnir að vera tengdir, þ.e. þeir þyrftu að skiptast á lykllum. Hún sagði að það væri t.d. gert þegar senda þyrfti greiðslur eða ábyrgðir á milli banka. Sótt væri um slíka tengingu í swift-kerfinu og ef viðtökubankinn samþykkti beiðnina væri komin á tenging á milli viðkomandi banka.

Hún sagði að ef texti væri sendur með skeyti í 700-flokknum gæti viðtakandi verið viss um það að skeytið kæmi frá réttum aðila, þ.e. að sendandi væri sá sem hann segðist vera. Hún sagði að skeytin hefðu mismikið vægi. Skeyti, sem sent væri undir flokknum 999, sem kvæði á um að ákveðin greiðsla mundi berast á tilteknum degi væri t.d. ekki tekið gilt fyrr en greiðslan bærisk. Ef slík skilaboð væru hins vegar með skeyti í 100-flokknum væru þau óafturkræf, þ.e. ekki væri hægt að fella niður greiðsluna nema sækja sérstaklega um niðurfellingu á henni. Hún sagði að allir flokkarnir væru með 99-skeyti, þ.e. 199, 299 o.s.frv., en sá flokkur stæði aðeins fyrir „free format“. Í þeim skeytum væru engir reitir, heldur væri hægt að senda frjálsan texta í þessum skeytum.

Hún sagði að þegar ákærði hefði beðið sig fyrst um að senda fyrir sig swift-skeyti hefði viljað svo til að enginn yfirmaður var á svæðinu til að bera skeytið undir. Hún sagði að í texta þeim sem ákærði kom með til hennar hefði verið vísað í reglur, sem tengdust ábyrgðum. Þá hefði orðalagið verið með hætti að litið hefði svo út að með skeytinu væri verið að gefa út ábyrgð. Sagðist hún hafa spurt ákærða hvort hann væri að gefa út ábyrgð. Ákærði hefði neitað því og sagt að hann þyrfti aðeins að koma þessum texta út. Vitnið sagðist þá hafa bent ákærða á það að í textanum væru setningar sem vísuðu í ábyrgðir og alþjóðlegar ábyrgðarreglur. Hún hefði þá fengið þau svör að það skipti ekki neinu máli, hann þyrfti aðeins að koma þessum texta út. Vitnið sagðist hafa fengið á tilfinninguna að ákærði hefði ekki vitað alveg hvað hann var að gera. Sagðist hún því hafa ákveðið í samráði við samstarfsmann sinn að senda skeytið sem 999-skeyti, en með því hefði bankinn ekki verið að skuldbinda sig. Þá hefði hún tekið fram að um væri að ræða skilaboð, en ekki „letter of guarantee“ eða letter of credit“, og tekið hefði verið fram í skeytinu að efni skeytisins væri án allrar ábyrgðar af hálfu bankans. Sagðist hún hafa sett þessa fyrirvara þrátt fyrir að hún vissi að enginn banki tæki skeyti 999 gilt. Aðspurð sagði hún að ef skeytið hefði verið sent með kóðanum 760 hefði Icebank hugsanlega orðið skuldbundinn. Sagðist hún hafa viljað komast hjá því með framangreindu.

Vitnið staðfesti samskipti sín við ákærða í tölvupósti 13. mars 2007, bls. 413. Vitnið staðfesti einnig það sem fram kemur í minnisblaði bankastjóra Icebank til bankaráðs, dags. 16. apríl 2007, bls. 416, um að hún og samstarfsmaður hennar hefðu neitað að senda skeytið sem „authenticated“ skeyti, en sent þess í stað svokallað 999-skeyti.

Undir vitnið var borið swift-skeyti á bls. 346-348 í gögnum máls. Hún sagði að skeyti á bls. 346 hefði verið sent sem skeyti 199, sem væri undir flokknum greiðslur. Ekki væri um hefðbundið skeyti að ræða, sem sent væri í gegnum swift-kerfið. Efni skeytisins snerist um staðfestingu á innistæðu og því hefði þetta skeyti því ekki verið sent í réttum flokki. Sagðist hún ekki hafa sent þetta skeyti. Hún sagðist halda að starfsmaðurinn sem sendi þetta skeyti hefði starfað í greiðsludeildinni og því aðeins þekkt 100-flokkinn í swift-kerfinu. Hún sagði að viðtakandi skeytisins, Bank of Scotland, hefði ekki haft neina ástæðu til að efast um þá staðhæfingu, sem fram kæmi í skeytinu um að inni á reikningi lægju 200 milljónir bandaríkjadala þar sem skeytið hefði verið sent í þessum flokki. Hún sagði að skeyti 199 hefði því meira vægi og væri meira skuldbindandi en skeyti 999. Banki gæti ekki sent skeyti 199 til Bank of Scotland nema hann væri í „correspondant relationship“ við þann banka. Hins vegar væri hægt að senda skeyti 999 til hvaða banka sem er og sagt hvað sem er, en enginn tæki það hins vegar gilt.

Vitnið sagði að rekstur VSP hefði verið algjörlega aðskilinn frá rekstri Icebank, en Icebank hefði verið eini bankinn innan sparisjóðafjölskyldunnar, sem hefði haft aðgang að swift-kerfinu. Því hefði deildin sem hún starfaði hjá verið bakvinnsla fyrir alla sparisjóðina. Þeim hefði því verið heimilt að senda swift-skeyti fyrir sparisjóði landsins að beiðni þeirra.

Vitnið staðfesti að hafa sent skeyti, dags. 20. mars 2007, bls. 352, og væri það sent sem skeyti 999, sem þýddi að um óstaðfest skeyti væri að ræða.

Undir vitnið var borinn tölvupóstur ákærða til starfsmanns Chinatrust, bls. 716. Sagði hún að þegar banki væri ekki í beinum tengslum við viðtökubankann, sem sennilega hefði verið raunin með Chinatrust bankann, gæti sendandinn óskað eftir því að einhver millibanki (correspondent bank) kæmi skilaboðunum áfram til þriðja aðila, en þá væri millibankinn að staðfesta að uppruni skeytisins væri réttur.

Aðspurð af verjanda sagði vitnið að swift-skeyti, sem sent væri sem staðfest skeyti, skuldbynda þann banka sem skeytið sendi.

Vitnið Páll Halldórsson kvaðst hafa kynnst ákærða þegar hann hefði unnið hjá verðbréfadeild Landsbankans, en ákærði hefði annast verðbréfavíðskipti hans þar. Þá sagðist hann hafa kynnst David Spargo í gegnum ákærða þegar David kom hingað til lands. Vitnið staðfesti að hafa á árinu 2002 lánað David andvirði 100.000 dollara, en David hefði verið í einhverjum fjárhagsvandræðum á þessum tíma. Um hefði verið að ræða vinargreiða og sagðist vitnið ekki hafa haft neinar tryggingar fyrir greiðslu lánsins. Aðspurt kvaðst vitnið hafa átt 5% eignarhlut í Napis. Sagði hann að sér hefði fyrst orðið kunnugt um það þegar hann gaf skýrslu um málið hjá lögreglu á sínum tíma. Hann sagði að komið hefði til tals, þegar hann lánaði David, að hann eignaðist hlut í fyrirtækinu, en hann sagðist ekki hafa gert mikið úr því og hefði þetta komið sér á óvart þegar hann komst að þessu síðar. Vitnið sagðist ekki geta sagt að hann vissi neitt um fyrirtækið Napis. Hann sagðist ekki hafa hugsað svo langt að hann hafi velt því fyrir sér hvað hann ætlað að gera við eignarhlut sinn í Napis. Aðspurður kvaðst hann halda að hann hefði frétt að ákærði ætti einnig hlut í Napis. Kvaðst hann ekki hafa vitað um aðkomu ákærða að fyrirtækinu að öðru leyti.

Tölvupóstur frá ákærða til Davids Spargo, bls. 929-934, var nú borinn undir vitnið, en þar kæmi fram að ákærði væri að framselja 25% hlut sinn í Napis til vitnisins. Vitnið kvaðst ekki kannast við þetta og sagðist ekki minnst þess að þetta hefði verið rætt við hann. Hann sagði að sig minnti helst að annaðhvort hann eða ákærði hefði beðið David um að taka nafn hans út af skráum félagsins eftir að mál þetta kom upp. Vitnið sagðist hafa mjög góða reynslu af ákærða sem vini og kunningja.

Vitnið gaf skýrslu hjá lögreglu 17. maí 2007.

Vitnið David Andrew Spargo sagði að fyrirtækið Napis hefði verið stofnað á árinu 2003, upphaflega í þeim tilgangi að höndla með skammtímaverðbréf og fjármögnun. Hann sagði að á árinu 2007 hefði fyrirtækið sinnt fjárstýringu í ýmsum verkefnum að andvirði 2,8 milljarðar dollara. Á þeim tíma hefðu 12 manns starfað hjá fyrirtækinu. Hann sagði að engin starfsemi væri lengur á vegum Napis. Vitnið sagðist hafa átt um 60% eignarhlut í fyrirtækinu og sagðist hann hafa verið forstjóri þess. Hann sagðist ekki vita hversu stóran hlut ákærði og Páll Halldórsson áttu í fyrirtækinu. Hann sagði að hlutabréf hefðu gengið kaupum og sölum og sagðist hann ekki vera með það í kollinum hver eignarhlutur einstakra hluthafa var. Vitninu var þá bent á að á bls. 56 í útboðslýsingu, sem send hefði verið til Kauphallarinnar á Ermarsundseyjum, kæmi fram að ákærði ætti 25% í fyrirtækinu. Vitnið tók fram

að hann væri ekki með útboðslýsinguna í höndunum. Þá benti hann á að þessi gögn hefðu verið útbúin af lögfræðistofu og því hefði hann ekki séð þau gögn fyrir en síðar. Aðspurður sagðist hann telja að þetta væri ekki rétt. Hann sagði að ákærði hefði ekki gegnt neinni stöðu hjá Napis. Vitninu var þá bent á að í útboðslýsingunni væri ákærði tilgreindur sem stjórnandi hjá Napis. Sagðist vitnið telja að það hafi verið rangt. Einnig var vitninu bent á að í stofnskjölum Napis væri ákærði tilgreindur sem hluthafi og einn af stjórnendum fyrirtækisins. Vitnið sagði að það væri alfarið rangt. Þá var vitninu bent á að í hlutafélagaskrá Arizona kæmi fram að ákærði hefði verið skráður stjórnandi fyrirtækisins samkvæmt ársskýrslum 2002-2006. Vitnið sagði að þetta væri alfarið rangt. Í fyrsta lagi hefði ákærði verið í þannig stöðu að hann hefði ekki getað starfs síns vegna verið stjórnarmaður í fyrirtækinu og í öðru lagi hefðu þeir reynt þrisvar sinnum að breyta skráningunni hjá firmaskránni í Arizona og að sú breyting hefði fyrst gengið í gegn á árinu 2005 eða 2006. Hann sagði að þessi skráning hefði verið mistök. Sagði vitnið að þeir hefðu rætt þetta við lögmann félagsins og kvaðst vitnið árétta að stöðu sinnar vegna hefði ákærði ekki getað setið í stjórn fyrirtækisins.

Vitnið sagði að á þeim tíma er skuldabréfútboð Napis var skráð í Kauphöllinni á Ermarsundseyjum hefði ákærði verið framkvæmdastjóri VSP. Ætlunin hefði verið sú að hagnaðurinn af þessu útboði færi í fjárstýringu hjá VSP. Hann sagði að það hefði verið eina aðkoma ákærða sem framkvæmdastjóra VSP að þessu útboði. Hann sagði að ákærði hefði ekkert komið að þessu persónulega. Aðspurður neitaði hann því að ákærði hefði greitt fyrir skráningu útboðslýsingarinnar í Kauphöllinni á Ermarsundseyjum. Var honum þá bent á að það lægi fyrir í gögnum málsins, svo og að ákærði hefði viðurkennt það sjálfur. Hann sagði þá að fimm ár væru liðin frá þessum atvikum og sagðist því ekki geta staðfest þetta. Ef ákærði hefði sagt það hlyti svo að vera. Vitnið var þá spurt að því hvort Napis hefði einhvern tíma greitt ákærða einhverja fjármuni. Sagði vitnið þá að Napis hefði greitt fjölmörgum fyrirtækjum fyrir þjónustu, trúlega VSP einnig. Vitninu var þá bent á að fyrir lægi í gögnum málsins að Napis greiddi ákærða 275.000 bandaríkjadali í janúar 2006. Vitnið sagði að það gæti vel verið. Sagðist hann ekki hafa séð um bókhald félagsins og slík greiðsla gæti hafa farið fram án þess að hann vissi af því. Hann sagði að hjá Napis hefði verið gengið frá 50-60 greiðslum á dag og sagðist hann ekki hafa undirritað tékkanna. Hann sagðist því ekki hafa vitað af hverri einustu greiðslu. Aðspurður kvað hann það mögulegt að hann hafi beðið ákærða um 20.000 bandaríkjadala lán í desember 2006 til að greiða laun.

Vitninu var bent á að í útboðslýsingunni kæmi fram að skuldabréfaútgáfan væri tryggð með 700 milljóna bandaríkjadala tryggingavörslusjóði milli Napis og VSP. Var vitnið spurt hvort Napis hefði átt þessa fjármuni inni á reikningi hjá VSP. Vitnið neitaði því og sagði að ætlunin hefði verið sú að fjármunir sem kæmu út úr skuldabréfaútbodinu færu í fjárstýringu hjá VSP. Vitninu var þá bent á að í útboðslýsingunni kæmi fram að ætlunin hefði verið sú að nota þá fjármuni sem kæmu út úr skuldabréfaútbodinu til að halda áfram viðskiptum með fasteignir. Sagði vitnið að þetta kæmi oft fram í útboðslýsingum, þ.e. að fjármunirnir væru í fjárstýringu þar til ákveðið væri í hvaða fjárfestingar þeir ættu að fara. Hann sagði að lýsingin í útboðslýsingunni væri ekki röng. Fjárfestingar í fasteignum eða aðrar fjárfestingar væru hins vegar tilgreindar þar til endanleg ákvörðun um fjárstýringu fjármuna úr útbodinu væri ákveðin. Undir ákærða var nú borinn hluti útboðslýsingar, bls. 1407, þar sem fram kæmi að 85% af því sem kæmi út úr skuldabréfaútbodinu skyldi fara í viðskipti með fasteignir. Sagði vitnið þá að

innkoman úr svona útboði færi í fjárstýringu á meðan verið væri að ákveða fjármögnun og sagði að fjárfestingar í fasteignum féllu þar undir.

Vitnið var því næst spurt aftur að því hvort engir fjármunir frá Napis hefðu verið í vörslum VSP til tryggingar skuldabréfaútboðinu. Vitnið sagði þá að sækjandi misskildi það sem fram kæmi í útboðslýsingunni. Hann sagði að ætlunin hefði verið sú að VSP hefði umsjón með tryggingasjóðum. Aðspurt sagði vitnið að ekkert skuldabréf hefði selst í gegnum Kauphöllina á Ermarsundseyjum. Hann sagði að margir áhugasamir kaupendur hefðu hins vegar haft samband við hann vegna útboðsins og hefði kaupendum verið bent á að hafa samband við VSP þar sem VSP hafi verið í forsvari við framkvæmd útboðsins. Hann sagði að Napis hefði leitað til VSP í þessum tilgangi, en VSP hefði boðið best og búið að góðri aðstöðu og þekkingu. Aðspurt sagði vitnið að mögulegt væri að gerður hefði verið samningur um þetta á milli Napis og VSP, en benti á að fimm ár væru liðin frá atvikum málsins. Venjan væri sú að greiða fyrir slíka þjónustu og svo hefði verið gert í þessu tilviki einnig. Spurt var hvort Napis hefði leitað til margra aðila um slíka þjónustu í ljósi þess að vitnið hélt því fram að VSP hefði boðið best. Sagði vitnið þá að sennilega hefði verið leitað til fjögurra miðla í mismunandi löndum. Aðspurt sagðist vitnið ekki hafa upplýsingar um það hvaða miðlarar það voru.

Því næst var vitnið spurt út í innlánskírteini, sem ákærði gaf út fyrir hönd VSP, t.d. 12. febrúar 2007 þar sem réttahafar voru félögin EC4 Petrochem og Midscot, bæði skráð á Bretlandi. Vitnið var spurt til hvers nota hefði átt innlánskírteinið. Vitnið sagði að þessi innlánskírteini hefðu aldrei verið greidd því EC4 Petrochem hefði rofið samkomulagið. Sagðist vitnið ekki hafa séð frumrit innlánskírteinanna og sagðist í raun ekki vita hvort þau voru nokkurn tíma send í frumriti. Þeir hefðu aldrei komið með fjármagnið til VSP, sem gert hefði verið ráð fyrir að þeir myndu leggja fram. Þar sem þeir hefðu ekki staðið við það að leggja fram fjármagnið sagðist hann hafa beðið ákærða um að rifta samkomulaginu við þá.

Undir vitnið var borinn framburður Faisal Kasim um að vitnið hefði nálgast EC4 Petrochem og boðist til að útvega veð gegn því að EC4 Petrochem útvegaði fjármögnun. Vitnið sagði að Kasim hefði ætlað að útvega fjármagn, en hann hefði ekki staðið við það samkomulag og því hefði samkomulaginu verið rift. Vitnið var spurt hvernig nota hefði átt innlánskírteinin. Sagði vitnið þá að fjármagnið, sem koma hefði átt út úr þessum viðskiptum, hefði átt að fara í fjárstýringu hjá VSP. Ætlunin hefði verið að Napis og EC4 Petrochem skiptu fjármagninu á milli sín, en þar sem EC4 Petrochem hefði ekki staðið við sitt hefði samkomulaginu verið rift. Vitninu var þá bent á að í innlánskírteininu kæmi fram að Napis ætti 200 milljónir bandaríkjadala á reikningi hjá VSP. Var vitnið spurt hvort það hefði einhvern tíma verið svo. Vitnið sagði þá þar sem EC4 Petrochem hefði aldrei staðið við samninginn hefði aldrei neitt orðið úr þessu. Hann sagði að í samningi Napis og EC4 Petrochem hefði verið kveðið á um að Napis legði 200 milljóna bandaríkjadala tryggingu inn á reikning þegar EC4 Petrochem hefði innt af hendi greiðslu að fjárhæð 150 milljón bandaríkjadali. Þeir hefðu hins vegar aldrei innt þessa greiðslu af hendi og því hefði samkomulagið verið rofið. Vitnið var spurt af hverju innlánskírteinið var sent til EC4 Petrochem áður nokkur greiðsla hafði átt sér stað inn á reikninginn. Vitnið sagðist halda að í swift-skeyti hefði komið fram að áður en hægt væri að senda frumritið af innlánskírteininu yrði að útvega þetta fjármagn. Vitnið var þá spurt aftur að því af hverju senda hefði þurft innlánskírteinið til EC4 Petrochem. Vitnið sagði þá að samkvæmt swift-kerfinu

væru ákveðnir flokkar eða kóðar, þ.e. 999 eða 799, og hefði orðið að senda tilkynningu fyrirfram undir þessum kóða um þessi viðskipti. Vitnið sagðist ekki vita af hverju Bank of Scotland hafnaði innlánskírteininu.

Vitninu var því næst bent á að forsvarsmenn EC4 Petrochem hefðu reynt að fá nokkra aðra banka til að samþykkja nokkur innlánskírteini gefin út af ákærða, m.a. innlánskírteini, sem gefið hefði verið út í mars 2007 þar sem réttthafar voru MCC Capital og Burgundy og hefði verið reynt að leggja innlánskírteinið inn í Chinatrust Commercial Bank á Filippseyjum. Vitnið sagði að Napis hefði ekki verið aðili að þessu að neinu leyti og sagðist hann ekki vita neitt um viðskipti Faisal Kasim í Asíu eða hvað hann hefði verið að reyna að gera þar.

Þrjú yfirlit yfir inneign Napis hjá VSP á bilinu frá 623 til 634 milljónir dollara á reikningi hjá VSP voru nú borin undir vitnið. Sagði vitnið að yfirlitin hefðu átt að sýna hvernig fjármunum Napis yrði ráðstafað og stýrt af VSP þegar andvirðið væri komið inn á reikning hjá VSP. Mismunandi fjárhæðir hefðu síðan átt að sýna afsláttinn sem þeir myndu njóta hjá VSP. Þessar upplýsingar hefðu aðeins gengið á milli VSP og Napis. Um hefði verið að ræða trúnaðarupplýsingar á milli Napis og verðbréfamiðlara fyrirtækisins. Hann sagði að önnur verðbréfafyrirtæki hefðu getað óskað eftir þessum yfirlitum frá VSP til að sjá hvernig þeir ætluðu að ávaxta féð, en það hefði verið háð samþykki Napis. Hann sagði að þessi yfirlit hefðu ekki verið ætluð fjárfestum. Vitnið sagði að markhópur skuldabréfaútboðsins hefði einungis verið stofnanafjárfestar, stórir sjóðir og þeir sem höfðu fjármagn til að fjárfesta í þessum mæli.

Vitninu var bent á að samkvæmt ákærinni væri ákærða gefið að sök að hafa reynt að selja innlánskírteinin í Bank of Scotland og Chinatrust. Vitnið var spurt hvort sú væri raunin. Vitnið sagði að þetta væri rangt, ákærði hefði ekki reynt að selja innlánskírteinin nokkrum manni. Vitnið benti á að lögregluyfirvöld í London hefðu á sínum tíma stöðvað Faisal Kasim þegar hann reyndi að fá 60 milljóna bandaríkjadalán út á innlánskírteinin og þannig hefði mál þetta byrjað. Ákærði hefði hins vegar komið í veg fyrir það.

Vitninu var bent á að í skýrslu vitnisins hjá lögreglu kæmi fram að frumrit innlánskírteinisins hefði verið sent til Bank of Scotland. Hann sagðist aldrei hafa séð frumrit innlánskírteinisins og sagðist ekki geta svarað fyrir það hvað sent var til Bank of Scotland. Aðspurt sagðist vitnið hafa talið þetta þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu

Vitnið gaf skýrslu hjá lögreglunni í Arizona 27. maí 2008.

Vitnið John Tapp sagði að fyrirtækið EC4 Petrochem hefði verið stofnað til að annast verkefni í orku- og eldsneytismálum. Um hefði verið að ræða félag með takmarkaða ábyrgð og hefðu hluthafar í því verið Faisal Kasim og hann sjálfur. Hann hefði sjálfur verið framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Hann sagði að David Spargo hefði rekið fyrirtækið Napis, sem hefði verið með verkefni í tengslum við lífefnaeldsneyti, en EC4 hefði einnig haft áhuga á slíkum verkefnum. Hann sagði að David Spargo hefði sett sig í samband við EC4 til að kanna hvort unnt væri að stofna til samstarfs milli þessara tveggja fyrirtækja. David hefði tjáð þeim að

Íslenskur banki myndi veita ábyrgð vegna lántöku og hefði hann spurt þá hjá EC4 hvort þeir gætu orðið að liði í þessu máli. Hann sagði að ekki hefði komið til tals af hverju David Spargo gæti ekki útvegað lán út á trygginguna. Benti hann á að þetta hefði átt sér stað fyrir fimm árum og fyrirtækið héldi ekki skrár yfir svona samtöl. Sjálfur sagðist hann ekki hafa rætt þetta við David. Hann sagðist ekki vita hvort Napis ætlaði að fjárfesta í EC4. Vitnið var spurt að því hver tilgangur viðskiptanna hefði verið frá sjónarhóli EC4. Benti vitnið þá aftur á það að þetta hefði gerst fyrir fimm árum, en EC4 gæti hafa haft áhuga á því að þróa lífefnaeldsneyti.

Vitnið sagði að félagið MCC Capital hefði verið stofnað í svipuðum tilgangi og EC4, þ.e. til að sinna alþjóðlegum verkefnum, og væru eigendur þess vitnið og Faisal Kasim. Vitnið kvaðst ekki hafa móttækið skjölin „Certificate of deposit“ á bls. 329 og 718 í gögnum máls, áður en til þessa dómsmáls kom. Vitnið sagði að þeir hjá EC4 hefðu komið á tengslum á milli Napis og Jim Johnstone hjá Midscot management í Skotlandi og hefði Jim séð um samskiptin við Napis.

Vitnið gaf skýrslu hjá New Scotland Yard vegna málsins 10. desember 2008.

Vitnið Mohammed Faisal Kasim sagðist vera framkvæmdastjóri EC4 Petrochem. Hann sagði að starfsemi félagsins væri á sviði námuvinnslu og olíuleitar. Sagðist vitnið vera eigandi fyrirtækisins ásamt John Tapp. Vitnið staðfesti að David Spargo hefði komið að máli við sig fyrir u.þ.b. fimm árum og stungið upp á því að fyrirtækin færu í viðskipti saman. Hann sagði að David Spargo hefði haft áhuga á lífefnaeldsneyti og hann beðið þá um að aðstoða við að útvega fjármagn. David hefði sagt þeim að banki hans á Íslandi myndi leggja fram ábyrgðir. Þá hefði hann sent honum bréf frá bankanum sem staðfestu þetta. Vitnið sagðist hafa kynnt David fyrir fyrirtækinu Midscot í Skotlandi, sem og fyrir talsmönnum Burgundy Asset management á Filippseyjum. Nokkrum vikum síðar hefði hann fengið tölvupóst frá David um að hann vildi slíta þessum samskiptum, sem þeir hefðu og gert skriflega. Hann sagði að rétt væri að David hefði ætlað að útvega tryggingu eða veð gegn því að hann og fyrirtæki hans útvegaði fjármagn. Þá sagði hann að hluti fjármagnsins hefði átt að renna til verkefna á vegum EC4 Petrochem á sviði lífefnaeldsneytis. Hann sagði að þessi samskipti hefðu aldrei komist á það stig að samningur kæmist á milli fyrirtækjanna þar sem samstarfinu hefði verið slitið áður. Hann sagði að stefnt hefði verið að því að Midscot og Burgundy myndu aðstoða David við að byggja upp viðskipti í lífefnaeldsneytisgeiranum.

Innlánsskírteini, bls. 329 og 718-719, voru nú borin undir vitnið. Sagðist vitnið aldrei hafa séð þessi skjöl fyrr en þau voru send vitninu vegna þessarar yfirheyrslu. Framburður vitnisins hjá lögreglu um að David hefði sent vitninu afrit innlánsskírteinanna, sem nota ætti sem tryggingu til að fá lán, var nú borinn undir vitnið. Vitnið sagði þá að David hefði sent vitninu bréf frá banka sínum um að bankinn myndi gefa út innlánsskírteini eða CD. Vitninu var þá bent á að í lögregluskýrslunni kæmi fram að vitnið hefði komið með þetta skjal með sér í skýrslutökuna og afhent lögreglunni. Sagðist vitnið þá minnst þess að hafa afhent tvö bréf. Vitninu var þá bent á að annað þessara skjala hefði verið innlánsskírteinið, sem vitnið væri með fyrir framan sig, þ.e. skjalið þar sem félögin MCC Capital og Burgundy væru tilnefnd sem réttahafar. Vitnið sagði þá að ef það hefði afhent lögreglu þetta skjal hlyti svo að vera, en vitnið sagðist ekki muna eftir því nú.

David Spargo eða Napis hljóti því að hafa sent vitninu innlánskírteinið. Vitnið var spurt að því hvort ekki væri ljóst að til hefði staðið að nota innlánskírteinið sem tryggingu til að fá lán. Vitnið svaraði því játandi, enda kæmi það fram í bréfasamskiptum. Vitnið sagði að umrætt skjal hefði aldrei verið notað. Þá kvaðst vitnið aldrei hafa séð frumrit innlánskírteinanna. Vitnið sagðist ekki hafa átt nein samskipti við ákærða og sagðist aðeins hafa rætt við David Spargo.

Vitnið sagði að Johnstone hefði á þessum tíma verið forstjóri Midscot og það fyrirtæki hefði m.a. séð um tryggingamál fyrir fyrirtæki vitnisins og Midscot hefði einnig aðstoðað önnur fyrirtæki við fjármögnun. Hann sagði að hlutverk Johnstone hefði verið að ráðleggja David Spargo við fjármögnun, ábyrgðir og þess háttar. Johnstone hefði því verið milliliður. Vitnið sagðist ekki vita af hverju leitað hefði verið til Bank of Scotland í þessu máli. Sagðist hann ekkert vita um viðskipti Midscot við bankastofnanir.

Vitnið sagði að MCC Capital hefði haft með höndum verktakastarfsemi í byggingariðnaði, svo sem að því er varðar olíuhreinsunarstöðvar og aðrar meiri háttar byggingaframkvæmdir. Hann sagðist sjálfur hafa verið eigandi MCC Capital ásamt John Tapp. Sagðist vitnið hafa verið framkvæmdastjóri félagsins, en John Tapp rekstrarstjóri þess.

Hann sagði að vel gæti verið að haft hefði verið samband við Burgundy í þeim tilgangi að útvega David fjármagn. Hann sagðist hins vegar ekki muna með hvaða hætti útvega átti fjármagnið. Nánar aðspurður sagðist hann hafa kynnt David fyrir fyrirtækinu Burgundy símleiðis. Hann sagðist ekki vita hvort Burgundy reyndi að fá lán í banka á Filippseyjum út á innlánskírteinið. Tók hann fram að óskað hefði verið eftir að samskiptunum yrði slitið og sagðist hann ekkert hafa skipt sér af þessu máli eftir það. Framburður vitnisins hjá lögreglu í desember 2008, bls. 3166, var borinn undir vitnið. Hann sagði að rétt væri að hann hefði verið beðinn um að hætta þátttöku í þessu og sagðist hann hafa gert það. Vitninu var bent á að skýrsla þess hjá lögreglu benti til þess að vitnið hefði tekið þátt í þessu að einhverju leyti. Sagðist vitnið þá hafa verið þátttakandi að því leyti að það hefði kynnt aðila, þ.e. David Spargo og Burgundy. Aðspurður sagðist hann ekki hafa vitað að engir peningar væru á reikningi Napis hjá VSP. Hann sagði að David hefði tjáð sér að Napis væri með viðskipti við banka á Íslandi og þar væru miklar eignir. Framburður vitnisins hjá lögreglu í desember 2008, bls. 3175, var nú borinn undir vitnið. Hann staðfesti að þegar banki hefði samband við annan banka hefði hann enga ástæðu haft til að efast um nein slík samskipti.

Vitnið gaf skýrslu hjá New Scotland Yard 10. desember 2008.

Vitnið James Johnstone sagði að félagið Midscot Ltd. væri staðsett í Bretlandi. Tilgangur þessi væri að aðstoða viðskiptavinum og tengiliði við fjármögnun verkefna og frágang ábyrgða og samskipti við banka og miðlara. Sagðist vitnið hafa verið forstjóri fyrirtækisins. Á þessum tíma hefðu starfað hjá fyrirtækinu 11 manns.

Vitnið var beðið um að lýsa aðdraganda þess að vitnið reyndi í byrjun árs 2007 að leggja innlánskírteini inn á reikning Midscot hjá Bank of Scotland. Vitnið sagði að fyrirkomulagið hefði verið með þeim hætti að VSP Security sendi Bank of Scotland

öll gögn sem vörðuðu málið, m.a. hefði VSP sent bankanum innlánskírteinið í gegnum swift til þess að Midscot gæti farið með það til þriðja aðila. Hann sagði að í samræmi við venjur þar að lútandi hefði VSP sent innlánskírteinið annars vegar í gegnum swift-kerfi bankanna og hins vegar með hraðpósti. Bankinn hefði því næst skoðað gögnin í nokkra daga og að svo búnu ákveðið að þeir myndu ekki veita umbeðna þjónustu. Bankinn hefði síðan gengið frá gögnunum og sent þau til baka til VSP. Hann sagðist hafa spurt bankann nokkrum sinnum að því af hverju bankinn hefði tekið þessa ákvörðun og sent gögnin til baka. Starfsmenn bankans hefðu svarað því svo til að álitnið hefði verið að það þjónaði ekki hagsmunum bankans að ganga til þessara viðskipta. Þetta hefði verið að eina sem honum hefði verið sagt. Hann sagði að þeir hjá Midscot hefðu haft samband við VSP og skýrt þeim frá ákvörðun bankans og þar með hefði málinu verið lokið. Hann sagðist síðan ekkert hafa heyrt af þessu máli fyrr en einu og hálfu ári síðar þegar hann hefði verið beðinn um að gefa skýrslu í málinu hjá lögreglu.

Vitnið var nú spurt að því hvort innlánskírteinið hefði verið hugsað sem trygging, sem sett væri fyrir láni frá bankanum. Neitaði vitnið því og sagði að Midscot hefði notað bankann til þess að móttaka innlánskírteinið, en hins vegar hefði þriðji aðili, fjármögnunaraðilinn, ætlað að lána út á skírteinið svo fremi að gögnin stæðust athugun bankans og bankinn samþykkti innlánskírteinið.

Undir vitnið var nú borinn framburður þess hjá lögreglu, bls. 3017-3018 (islensk þýðing bls. 2965), en þar hefði vitnið sagt að þeir hefðu búið svo um hnútana að innlánskírteinið færi til Bank of Scotland svo að þeir hjá Midscot gætu notað það þar til að setja upp lánalínu og fengið lán út á skírteinið og fjármagnað verkefnið. Kvaðst vitnið staðfesta þetta, en ítrekaði að eina hlutverk Bank of Scotland hefði verið fólgið í því að taka á móti gögnunum og innlánskírteininu, en sjálf fjármögnunin hefði átt að koma frá þriðja aðila. Aldrei hefði staðið til að Bank of Scotland veitti lán út á innlánskírteinið, heldur hefði hlutverk bankans eingöngu verið í því fólgið að gera áreiðanleikakönnun á gögnunum, þ.á m. innlánskírteininu. Vitninu var þá bent á að hjá lögreglu hefði það borið um það að nota hefði átt innlánskírteinið til að setja upp lánalínu annaðhvort hjá Bank of Scotland eða annarri bankastofnun. Vitnið ítrekaði þá að hlutverk bankans hefði einungis falist í því að móttaka gögnin og innlánskírteinið, en hann hefði þá þegar verið búinn að útvega fjármögnun frá þriðja aðila. Aðspurður sagði hann að að undangenginni áreiðanleikakönnun Bank of Scotland, bæði á innlánskírteininu og gögnum sem því hefði fylgdu, og að fenginni viðurkenningu frá Bank of Scotland á þessum gögnum, hefði ætlunin verið sú að nota innlánskírteinið sem veð eða tryggingu fyrir lánalínu frá þriðja aðila. Aðspurt kvaðst vitnið ekki vita af hverju fyrirtækið Napis gat ekki sjálf útvegað lán út á þessa tryggingu. Vitnið sagði að VSP hefði gefið út innlánskírteinið og ákærði hefði annast öll samskipti vegna þess. Vitnið sagðist ekki muna eftir neinu samtali við ákærða, en öll samskipti við bankann hefðu farið fram í gegnum swift-sendingar, tölvupóst o.s.frv. Vitnið kvaðst minnast þess að hafa beðið ákærða um að senda innlánskírteinið og fylgigögn þess í swift-skeyti til bankans, en það hefði verið í samræmi við reglur og starfshætti Bank of Scotland. Þegar innlánskírteinið hafði borist bankanum með þeim hætti hefði áðurgreindur ferill málsins hafist, þ.e. áreiðanleikakönnun af hálfu bankans o.s.frv. Vitnið sagði að það hefði ekki komið fram í samskiptum þeirra ákærða að ákærða væri kunnugt um það að nota ætti innlánskírteinið sem tryggingu fyrir láni, einfaldlega af þeirri ástæðu að bankinn hefði hafnað innlánskírteininu sem ábyrgðarskjali. Aðspurt sagði vitnið að ekki hefði verið hægt að nota

innlánssskírteinið í öðrum tilgangi en þeim að fá lán út á það. Eins og áður sagði færi ákveðið vinnuferli í gang hjá bankanum í svona tilvikum, þ. á m. áreiðanleikakönnun, og þegar innlánssskírteinið hefði hlotið samþykki bankans væri það eyrnamerkt ákveðnu verkefni.

Skjalið „Certificate of deposit“, sem gefið var út í þágu EC4 Petrochem, var nú borið undir vitnið. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa haft hugmynd um það á þessum tíma að ekki væri rétt að umrædd innistæða væri inni á reikningi hjá VSP eins og staðhæft væri í skírteininu. Hvorki Midscot né Bank of Scotland hefðu fengið nokkra vísbendingu um að engin innistæða væri á reikningnum hjá VSP. Slík innistæða hefði verið forsenda slíkra viðskipta og þeir hefðu ekki getað útvegað lán nema slík trygging væri fyrir hendi. Aðspurt sagði vitnið að hefði það vitað að skjalið væri rangfært, þ.e. að staðhæfingar sem þar kæmu fram væru ekki réttar, hefði vitnið ekki reynt að nota skjalið. Benti vitnið á að skjalið færi í gegnum áreiðanleikakönnun hjá bankanum og það væri ónothæft ef efni þess væri ekki rétt.

Skjalið „Certificate of deposit“, bls. 718-719, sem gefið var út í þágu MCC Capital projects og Burgundy asset development var nú borið undir vitnið. Vitnið sagðist ekki vita hvort og þá hvernig reynt hefði verið að nota þetta skjal.

Aðspurt af verjanda kvaðst vitnið þekkja fyrirtækið MCC Capital projects. Vitnið sagði að fyrirsvarsmenn þess fyrirtækis hefðu leitað ráðgjafar hjá Midscot vegna verkefna, sem fyrirtækið hefði unnið að viðs vegar um heiminn, og til að hafa milligöngu um ábyrgðartryggingar fyrir fyrirtækið. Málin hefðu þróast þannig að Midscot hefði aðstoðað þá við skjalagerð og þess háttar. Aðspurt sagði vitnið að Midscot hefði aldrei verið með umboð frá MCC Capital (power of attorney). Vitninu var þá bent á að í lögregluskýrslu hefði það borið um það að vitnið hefði verið með slíkt umboð fyrir MCC Capital. Vitnið sagði þá að í eina skiptið sem þeir hjá Midscot hefðu haft slíkt tímabundið umboð frá MCC Capital hefði verið þegar Kasim, framkvæmdastjóri þess, var fjarverandi og gefa þurfti út ábyrgðartryggingar fyrir fyrirtækið.

Vitnið sagði að Midscot hefði haft starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki og átt eignir að verðmæti yfir ein milljón punda á þessum tíma. Á árinu 2008 hefði fyrirtækið hins vegar farið í greiðslustöðvun í kjölfar kreppunnar. Vitnið sagðist hafa talið að VSP hefði bankaleyfi og mætti taka við bankainnistæðum. Vitnið sagði að hægt hefði verið að fá lán, sem hefði verið 85-90% af fjárhæð innlánssskírteinisins.

Vitnið gaf skýrslu vegna málsins hjá efnahagsbrotadeild Central Scotland Police á lögreglustöðinni í Stirling 6. febrúar 2009.

Vitnið Gunnar Sturluson hæstaréttarlögmaður sagðist hafa starfað sem lögmaður frá árinu 1992 og sagði að lögfræðiskrifstofa hans hefði unnið talsvert á sviði ráðgjafar fyrir fyrirtæki og fjármálastofnanir. Þá sagðist hann vera með meistaraþróf í Evrópurétti og með málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti. Sagðist hann hafa komið talsvert að vinnu við fjármálagerninga og kvaðst hann telja sig þekkja nokkuð vel til þeirra.

Vitnið staðfesti að hafa ritað álitsskýrslu vegna málsins ásamt Árna Sigurjónssyni héraðsdómslögmanni 18. apríl 2007 og sagðist hann staðfesta efni og niðurstöðu hennar. Hann sagði að Birgir Ómar Haraldsson, stjórnarformaður Verbréfastofu sparissjóðanna, hefði óskað eftir því að þeir gæfu álit sitt á gildi tiltekinna skjala, sem fyrir þá hefðu verið lögð. Hann sagði að álitsskýrslan hefði verið unnin með hefðbundnum hætti. Efni skjalanna hefði verið kannað, þau greind með hefðbundnum og þekktum lögfræðilegum aðferðum og síðan settur fram rökstuðningur og útlitun á álitaefninu og loks hefðu þeir dregið saman í fimm punktum helstu niðurstöðu greiningar sinnar.

Aðspurður af verjanda kvaðst vitnið kannast við svokallað escrow-fyrirkomulag. Sagði vitnið að þegar eitthvað væri lagt í escrow væri um nokkurs konar geymslu að ræða. Um væri að ræða geymslu á skjölum eða fjármunum, gjarnan hjá lögmanni eða fjármálafyrirtæki. Afhending á þessum skjölum og fjármunum færi þá fram í samræmi við efni viðkomandi samnings.

Hann staðfesti að við gerð álitsskýrslunnar hefðu þeir ekki kannað efni og tilvist verklagsreglna hjá VSP varðandi undirskriftir skjala og annað. Hann staðfesti einnig að álit þeirra Árna hefði verið á þá leið á þessum tíma að handhafi skjalsins þyrfti að vera með frumrit þess í höndunum til að fá fjárhæðin greidda út. Venjulega dygði ekki að framvísa afriti af viðskiptabréfi til að fá fjármuni greidda út á grundvelli þess. Grundvallaratriði væri að viðkomandi væri með frumritið í höndunum til að geta sett fram kröfu um að fá fjármuni samkvæmt skjalinu greidda út.

Vitnið Árne Sigurjónsson héraðsdómslögmaður staðfesti að hafa unnið álitsskýrslu vegna málsins ásamt Gunnari Sturlusyni hæstaréttarlögmanni í apríl 2007, bls. 20-24 í gögnum málsins. Kvaðst hann staðfesta efni álitsskýrslunnar og niðurstöðu hennar. Hann kvaðst hafa útskrifast sem lögfræðingur árið 2003, en þá hefði hann hafið störf hjá Logos lögmannsþjónustu. Þá kvaðst hann hafa lokið meistaraþrófi í fjármála- og félagarétti haustið 2006. Að námi loknu hefði hann snúið aftur til Logos þar til hann hefði snúið sér annað. Hann sagði að þessi álitsskýrslu hefði komið inn á borð hjá sér fyrir tilstilli Gunnars. Hann sagði að þeir hefðu ekki farið í ýtarlega úttekt á verklagsreglum VSP eða öðru slíku. Þeir hefðu hins vegar haft samþykktir VSP undir höndum og sagði að þeir hefðu metið skuldbindingargildi skjalsins út frá reglum íslensks fjármunaréttar og hvaða áhrif það kynni að hafa ef þessu skjali yrði framvísað.

Vitnið kvaðst kannast við svokallað escrow-fyrirkomulag, en um væri að ræða nokkurs konar vörslufyrirkomulag. Útgreiðsla geymslugreiðslunnar væri þá háð skilyrðum sem kveðið væri á um í samningi þar um.

Hann sagði að við gerð álitsskýrslunnar hefðu þeir haft skjalið „Certificate of deposit“ og samþykktir VSP undir höndum, en hann kvaðst ekki minnst þess að hafa haft tölvupóst eða önnur samskipti vegna skjalanna undir höndum. Þeim hefði eingöngu verið falið að kanna hvers eðlis þessi skjöl væru og hvert skuldbindingargildi þeirra væri. Hann staðfesti að álit þeirra hefði verið á þann veg að þurft hefði að framvísa frumriti skjalsins til að krefjast greiðslunnar, þ.e. að skilríkisreglan og frumritsreglan gilti í þessu tilviki líkt og þegar um skuldabréf og víxla væri að ræða.

V.

Greinargerð ákærða.

Fyrri ákæruliður.

Að því er fyrri ákæruliðinn varðar kveðst ákærði byggja sýknukröfu sína á því að VSP hafi aldrei orðið skuldbundið til að ábyrgjast það sem vísað sé til sem skuldabréfaútboðs í ákæru, hvorki á grundvelli skjalsins tryggingavörslusjóðir né þess hlutverks sem haldið sé fram að VSP hafi verið ætlað í skráningarlýsingu.

Ákærði kveðst benda á það í fyrsta lagi að frumrit skjalsins tryggingavörslusjóðir liggi ekki fyrir og ekkert bendi til annars en að ákærði hafi fargað því eins og ákærði hafi borið um hjá lögreglu. Í öðru lagi kveðst ákærði telja að hann hafi ekki komið afriti skjalsins í umferð eða að minnsta kosti ekki haft til þess nokkurn ásetning. Hann hafi aðeins sent afritið til David Spargo, fyrirsvarsmanns Napis Inc., í tengslum við bollaleggingar um að VSP tæki að sér hlutverk einhverskonar vörsluaðila í tengslum við skuldabréf Napis, en af því hafi hins vegar ekki orðið. Í þriðja lagi kveðst ákærði benda á að skjalið mæli alls ekki fyrir um að VSP gangist í ábyrgð fyrir skuldabréfaútgáfu eins og haldið sé fram í ákæru, heldur að VSP gegni hlutverki einhvers konar vörsluaðila.

Varðandi skráningarlýsinguna og ætlaða ábyrgð VSP á grundvelli hennar kveðst ákærði benda á það í fyrsta lagi að fyrirsvarsmaður Napis Inc. hafi lýst því yfir að fyrir mistök hafi rangt eintak skráningarlýsingarinnar verið lagt fram (bls. 2267). Í þeirri skráningarlýsingu sem leggja hafi átt fram sé hvergi minnst á VSP, enda hafi VSP ekki átt að hafa neitt hlutverk með höndum varðandi þessa skráningu. Í öðru lagi megi ljóst vera að reglur um ábyrgð á skráningarlýsingum séu með þeim hætti að þótt minnst sé á aðila í skráningarlýsingu þá verði hann ekki skuldbundinn við það eitt, hvorki gagnvart fjárfestum né öðrum, enda stafi skráningarlýsingin frá útgefanda þeirra bréfa sem til standi að skrá. Þá hafi VSP ekki gegnt neinu hlutverki við skráningarferli Napis Inc. og því hafi hvorki hvílt á VSP né ákærða nokkur skylda til að fara yfir skráningarlýsinguna eða hafa skoðanir á efni hennar eða formi. Meint athafnaleysi í þessum efnum, sem byggt sé á í ákæru, geti því ekki orðið grundvöllur refsíábyrgðar ákærða. Í tengslum við skráningarlýsinguna sé einnig vert að athuga að í skráningarlýsingunni sé ekki að finna aðrar upplýsingar um VSP en þær að „VSP+ Securities“ hafi „brokerage account“ fyrir Napis og eftir það sé í skráningarlýsingunni vísað til „VSP“. Þá sé VSP ekki á meðal þeirra aðila sem gerð sé grein fyrir í lok skráningarlýsingarinnar (bls. 120-121) og sagðir eru tengjast skráningarlýsingunni.

Í ákæru sé fullyrt að skjalið tryggingavörslusjóðir hafi verið til grundvallar skráningarlýsingunni og ekki verði annað ráðið af ákærunni en að þetta sé grundvöllur bæði aðal- og varakröfu samkvæmt fyrri lið ákærunnar. Þó virðist ljóst, bæði af hugtakanotkun og beinni tilvitnun á bls. 35-37, að þar sé ekki um að ræða lýsingu á skjalinu tryggingavörslusjóðir eða neinu öðru skjali sem sé að finna í gögnum málsins, og ekki verði séð að annars staðar í skráningarlýsingunni sé vísað til skjalsins tryggingavörslusjóðir. Fullyrðingar í ákæru um að skjalið

tryggingarvörslusjóðir hafi verið til grundvallar skráningarlýsingunni séu því illskiljanlegar.

Þá verði ekki betur séð en að upplýst sé í málinu að aldrei hafi verið gefin út skuldabréf á grundvelli skráningarlýsingarinnar, hvað þá að slík skuldabréf hafi verið seld. Með því að engin skuldabréf hafi verið gefin út eða seld geti ákærði ekki hafa stefnt fjárhagslegum hagsmunum VSP í hættu líkt og honum sé gefið að sök.

Ákærði kveðst mótmæla því að hann hafi komið að sölu skuldabréfa Napis Inc. Ákærði virðist aðeins hafa sent yfirlitin, sem greinir í ákæru, til David Spargo, fyrirsvarsmanns Napis Inc. Ekki verði séð hvernig það getur hafa falið í sér tilraun til að blekkja kaupendur skuldabréfa. Heimfærsla í ákæru, að því er varði dreifingu reikningsyfirlita, verði vart skilin öðruvísi en svo að aðeins sé átt við þau yfirlit sem ákærði eigi að hafa sent til David Spargo. Engu að síður kveðst ákærði mótmæla því að hann hafi sent reikningsyfirlit sem viðhengi í tölvupósti til væntanlegs kaupanda skuldabréfa Napis Inc. hinn 12. janúar 2007 líkt og greinir í ákæru.

Seinni ákæruliður

Að því er varðar seinni ákæruliðinn kveðst ákærði byggja sýknukröfu sína á því að VSP hafi aldrei orðið skuldbundið að því er varðar þau skjöl sem greinir í 2. lið ákæru og því hafi aldrei stofnast sú hætta að VSP yrði greiðsluskylt á grundvelli þeirra.

Ákærði kveðst benda á að frumrit skjalanna liggi ekki fyrir og ekkert bendi til þess að þau hafi nokkurn tíma komist í umferð. Miðað við efni skjalanna sé ljóst að ekki hefði verið hægt að krefjast greiðslu samkvæmt skjölunum með því að framvísa afriti þeirra. Þá liggi ekkert fyrir um það í gögnum málsins með hvaða hætti VSP gæti hafa orðið skuldbundið á grundvelli svokallaðra SWIFT-skeyta sem Icebank hf. hafi sent frá sér.

Að því er varði lánasamning þann sem fjallað sé um í lið a) í 2. lið ákæru kveðst ákærði benda á að ekkert liggi fyrir um það að lánveitendur samkvæmt lánsamningnum hafi ætlað sér að fjármagna lánveitinguna með láni frá Bank of Scotland, enda komi ekkert fram um það í lánsamningnum (bls. 334). Því verði vart fullyrt, líkt og gert sé í ákæru, að samskipti við Bank of Scotland hafi verið liður í fjármögnun lánsamningsins. Samkvæmt ákvæðum lánsamningsins, sbr. greinar 3.1(a) og 14, hafi lántaki átt að óska eftir því að VSP sendi m.a. innlánsskírteini til banka lánveitanda, enda sé ekki óeðlilegt að lánveitandi hafi viljað láta sinn eigin banka varðveita slík gögn. Þetta hafi VSP hins vegar ekki gert þrátt fyrir efni skjalsins „Confirmation of Readiness to Proceed“ og því verði ekki séð að komið hafi til þess að lánveitandi yrði skuldbundinn til þess að veita lánið samkvæmt samningnum. Staðfestingar aðila lánsamningsins á þessu liggi fyrir í gögnum málsins. Þá liggi fyrir yfirlýsing fyrirsvarsmanns Napis Inc. um að allir fjármunir, sem til hafi staðið að fá að láni, hafi átt að renna til VSP, sem hafi átt að annast vörslur þeirra, og með þessu hafi fyrirsvarismaðurinn staðfest framburð ákærða um þetta efni (bls. 362).

Að því er varði lið b) og varakröfu í 2. lið ákæru þá kveðst ákærði mótmæla því að hann hafi reynt að selja skjölin eða blekkja tilgreinda banka til að kaupa innlánsskírteinin. Ekki verði séð að fullyrðingum í þessa veru í ákæru verði fundinn

staður í málgögnum.

Heimfærsla og refsinæmi.

Ákærði kveðst telja að hann hafi ekki gerst sekur um háttsemi sem falli undir verknaðarlýsingu 249. gr. eða 248. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá kveðst ákærði telja að skilyrðum greinanna um refsinæmi sé ekki fullnægt þar sem hann hafi ekki haft ásetning til að fremja brot sem greinarnar lýsi.

Ákærði bendir á að skiptastjóri VSP hefur staðfest að aðeins hafi einn aðili lýst kröfu við slit félagsins og að þeirri kröfu hafi verið hafnað (bls. 404). Þetta sýni að VSP hafi ekki orðið skuldbundið vegna háttsemi ákærða og hann hafi því ekki stefnt fjárhagslegum hagsmunum VSP í hættu. Engin fjártjónshætta hafi skapast fyrir VSP. Kveðst ákærði telja að hann hafi ekki misnotað þá stöðu sem hann hafði sem framkvæmdastjóri VSP og því sé verknaðarlýsing 249. gr. almennra hegningarlaga ekki uppfyllt.

Með hliðsjón af framangreindu kveðst ákærði telja að refsinæmisskilyrðum 249. gr. almennra hegningarlaga sé ekki fullnægt þar sem auðgunarásetningur hafi ekki verið fyrir hendi. Ósannað sé að ákærði hafi haft ásetning til þess að valda verulegri fjártjónshættu með ráðstöfunum sínum.

Að því er varðar varakröfu um að brot ákærða varði við 248. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. sömu laga kveðst ákærði telja að verknaðarlýsing í ákæru sé ekki fullnægjandi. Eins og áður greini hafi ákærði ekki með ólögætum hætti reynt að fá nokkurn til að kaupa skuldabréf eða innlánskírteini eða framkvæma aðrar fjárhagslegar ráðstafanir. Þá hafi ákærði ekki reynt að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd nokkurs manns í þessu skyni.

Með vísan til framangreinds kveðst ákærði því telja að refsinæmisskilyrðum 248. gr. almennra hegningarlaga sé ekki fullnægt þar sem auðgunarásetningur hafi ekki verið fyrir hendi. Ósannað sé að ákærði hafi haft ásetning til allra efnisþátta 248. gr. almennra hegningarlaga.

VI.

Niðurstaða.

Í máli þessu eru ákærða aðallega gefin að sök umboðssvik með því að hafa á tímabilinu október 2006 til mars 2007 sem framkvæmdastjóri VSP stefnt fjárhagslegum hagsmunum félagsins í verulega hættu þegar hann misnotaði aðstöðu sína, annars vegar með því að útbúa tilhæfulaus skjöl á ensku með nafninu tryggingavörslusjóðir, og hins vegar með því að útbúa tvö tilhæfulaus skjöl á ensku með nafninu innlánskírteini og með því annars vegar að koma skjalinu tryggingavörslusjóðir í umferð og hins vegar með notkun innlánskírteinanna, svo og með athafnaleysi og athöfnum, eins og nánar greinir í ákæru, skuldbundið VSP, annars vegar til að ábyrgjast skuldabréfaútboð bandaríska fyrirtækisins Napis Inc. og hins vegar til að greiða handhafa innlánskírteinisins fjárhæðina 200 milljónir bandaríkjadala, sem samkvæmt innlánskírteininu var inni á bundnum reikningi

Napis Inc. hjá VSP.

Til vara er ákærða gefin að sök tilraun til fjársvika með því að hafa með sama hætti og áður greinir reynt að blekkja kaupendur skuldabréfa í áðurgreindu skuldabréfaútboði og reynt að blekkja Bank of Scotland og China Trust Commercial Bank til að kaupa áðurgreind innlánskírteini.

Af hálfu ákærða er því haldið fram að atvikalýsing í ákæru sé óskýr og villandi. Að því er varðar 1. lið ákærunnar hefur ákærði bent á að ekki hafi verið um að ræða skuldabréfaútboð Napis Inc., heldur skráningu á ætlaðri skuldabréfaútgáfu félagsins. Á það er fallist með ákærða að framlögð útboðslýsing (Offering Circular) feli ekki í sér skuldabréfaútboð, í þeim skilningi að með skráningu útboðslýsingarinnar hafi skuldabréfin þá þegar verið boðin til sölu, heldur hafi skráning hennar falið í sér heimild til handa Napis Inc. til að gefa út skuldabréf samkvæmt skilmálum útboðsins.

Þrátt fyrir þetta er ekki fallist á með ákærða að atvikalýsing í ákæru sé óskýr eða villandi, enda er ætlaðri háttsemi ákærða lýst með fullnægjandi hætti og þykir atvikalýsingin uppfylla verknáðarlýsingu bæði 248. og 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Fram hefur komið í málinu að ákærði og fyrirsvarsmaður Napis Inc., David A. Spargo, hafa þekkt um árabil eða frá því að þeir voru samtíða í háskólanámi í Bandaríkjunum. Þá hefur komið fram að á milli þeirra hafa verið talsverð fjárhagsleg tengsl, en ákærði hefur viðurkennt að hafa lánað David umtalsvert fé í gegnum árin. Hefur ákærði staðfest að lánið hafi verið endurgreitt 23. janúar 2006, en samkvæmt gögnum málsins greiddi Napis Inc. honum þann sama dag 275.000 bandaríkjadali eða jafnvirði um 17 milljóna íslenskra króna miðað við gengi bandaríkjadals á þeim tíma. Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa lánað David 20.000 bandaríkjadali fyrir launum í desember 2006 og þá hefur hann viðurkennt að hafa lánað David 8.650 pund fyrir skráningargjaldi vegna útboðslýsingar Napis Inc. í Kauphöllinni á Ermarsundseyjum.

Samkvæmt stofnskrá Napis Inc. frá árinu 2003 var ákærði í fyrstu stjórn félagsins ásamt m.a. David Spargo og Páli Halldórssyni. Þá kemur fram í gögnum frá fyrirtækjaskrá Arizona að ákærði var tilgreindur sem hluthafi og stjórnarmaður í Napis Inc. í ársreikningum félagsins árin 2004, 2005 og 2006.

Hér fyrir dómi skýrði ákærði þennan eignarhlut sinn í félaginu með þeim hætti að þegar hann hefði lánað David Spargo peninga hefði David boðið honum hlut í fyrirtækinu, sem líta skyldi á sem nokkurs konar veð til tryggingar endurgreiðslu lánsins og hefði hann samþykkt það. Þegar lánið hafði verið endurgreitt hefði ætlunin verið sú að afskrá þennan hlut ákærða, en fyrir mistök hefði það ekki verið gert. Það hefði ekki verið gert fyrr en síðar eða eftir að mál þetta kom upp, en þá hefðu þessi mistök komið í ljós.

Í fyrstu yfirheyrslum hjá lögreglu á árinu 2007 neitaði ákærði því ítrekað að eiga nokkra aðild að fyrirtækinu Napis Inc. eða eignarhlut í því. Í yfirheyrslu hjá lögreglu í febrúar 2009 viðurkenndi ákærði hins vegar að hafa verið skráður fyrir 25% eignarhluta á einhverjum tímamarki, en það hefði verið áður en skuldabréfaútboðið fór fram. Bar hann um það að David hefði skráð hann fyrir 25%

eignarhlut í fyrirtækinu í tengslum við lánveitingar hans til David. Ekki hefði staðið til að hann yrði áfram hluthafi í félaginu eftir að David endurgreiddi honum lánið. Eins og áður greinir átti endurgreiðsla lánsins sér stað 23. janúar 2006.

Í skráningarlýsingu vegna skuldabréfaútboðs Napis Inc., dags. 18. október 2006, er eignarhlutur ákærða sagður vera 25% og þá er ákærði þar tilgreindur sem stjórnarmaður. Á meðal gagna málsins er og tölvupóstur David Spargo, dags. 24. október 2006, til ákærða og fleiri þar sem hann býður Robert L. Matter velkominn í stjórn Napis Inc. Svarpóstur ákærða er dagsettur sama dag, en þar býður hann Robert velkominn í stjórnina og ritar undir póstin sem „Fellow Board Member“. Einnig er á meðal gagna málsins tölvupóstur ákærða ásamt viðhengi, dags. 25. október 2006, til David Spargo, áðurgreinds Robert L. Matter og Michael K, en í viðhenginu kemur fram að ákærði framselur 25% eignarhlut sinn í Napis Inc. til Páls Halldórssonar. Loks er á meðal gagna málsins tölvupóstur, dags. 6. febrúar 2007, frá áðurgreindum Robert L. Matter þar sem gert er ráð fyrir að hlutur ákærða í Napis sé 25%.

Hér fyrir dómi gat ákærði ýmist engar skýringar gefið á framangreindum gögnum eða gaf skýringar sem voru ekki í samræmi við fyrri framburð hans í málinu. Að því er varðar framsal hans á eignarhluta hans í Napis Inc. til Páls Halldórssonar í október 2006 sagðist ákærði t.d. halda að þarna hefði verið komið í ljós að hann væri skráður hluthafi í fyrirtækinu fyrir mistök og með þessu hefði verið leitast við að leiðrétta þá skráningu. Fyrir í skýrslunni hafði ákærði þó borið um að framangreind mistök hefðu fyrst komið í ljós eftir að málið kom upp og þá hefðu þau verið leiðrétt. Með hliðsjón af áðurgreindum tölvupósti Roberts L. Matter til ákærða hinn 6. febrúar 2007 þykir hins vegar ljóst að forsvarsmenn Napis Inc. gerðu þá enn ráð fyrir að eignarhlutur ákærða í fyrirtækinu væri 25%. Samkvæmt gögnum málsins óskaði David A. Spargo fyrst eftir leiðréttingu á skráningu ákærða sem stjórnarmanns í félaginu með bréfi til fyrirtækjaskrár Arizona, dags. 20. apríl 2007, þ.e. eftir að mál þetta kom upp og rannsókn á því hófst.

Með hliðsjón af öllu framangreindu þykir framburður ákærða um eignarhlut sinn og aðild að fyrirtækinu Napis Inc. ótrúverðugur, enda þykir hann misvísandi og í ósamræmi við gögn málsins. Með vísan til áðurgreindra gagna frá fyrirtækjaskrá Arizona þykir sannað að ákærði var skráður stjórnarmaður í stjórn Napis Inc. frá stofnun félagsins árið 2003 og jafnframt tilgreindur sem hluthafi í félaginu í ársreikningum félagsins árin 2004, 2005 og 2006. Með hliðsjón af framangreindum gögnum að öðru leyti þykir og ljóst að ákærða var fullkunnugt um setu sína í stjórn félagsins og að hann væri skráður fyrir 25% eignarhlutdeild í fyrirtækinu. Hin miklu fjárhagslegu tengsl ákærða við David og Napis Inc. og hin tíðu samskipti hans við stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins þykja og styrkja þá niðurstöðu.

Ákæruliður 1.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa útbúið skjal á ensku í nafni VSP með nafninu tryggingavörslusjóðir, dags. 25. október 2006, á bls. 29 í gögnum málsins, í tengslum við skráningu á útboðslýsingu bandaríska fyrirtækisins Napis Inc. í

Kauphöllinni á Ermarsundseyjum. Kvaðst ákærði hafa útbúið skjalið á þeim tíma er til hafi staðið að VSP tæki þátt í útboðinu. Af þeirri ástæðu hefði nafn VSP komið fram í þeirri útgáfu útboðslýsingarinnar, sem væri á bls. 1351 í gögnum málsins, en hún hefði verið útbúin á sama tíma. Ætlunin hefði verið sú að skjalið tryggingavörslusjóðir fylgdi þeirri útboðslýsingu. Eftir að ákveðið hafði verið að VSP kæmi ekki að skráningunni hefði útboðslýsingunni hins vegar verið breytt og nafn VSP tekið út. Sagði ákærði að ætlunin hefði verið að seinni útgáfan færi til Kauphallarinnar á Ermarsundseyjum, en fyrir einhver mistök, sem ákærði kvaðst ekki geta skýrt, hefði það skjal hins vegar ekki verið sent þangað, heldur fyrri útgáfan.

Fram kemur í gögnum máls þessa að upphaflega útboðslýsingin, þ.e. skjalið „Offering Circular“, sem dagsett er 18. október 2006 og útgefin af David A. Spargo fyrir hönd Napis Inc. var haldlögð í Kauphöll Ermarsundseyja í tengslum við rannsókn málsins. Þar er VSP getið og tekið fram að áætluð skuldabréfaútgáfa sé tryggð með 700 milljóna bandaríkjadala verðbræfaeign (Collateral Trust Guarantee) í vörslu VSP. Á forsiðu skjalsins er stimplað orðið „Final“. Jafnframt var faxbréf með yfirskriftinni tryggingavörslusjóðir (Collateral Trust Funds), dagsett 17. október 2006 og undirritað af ákærða, haldlagt í Kauphöll Ermarsundseyja í tengslum við rannsókn málsins. Þer faxbréfið með sér að hafa verið sent úr Sparisjóðabankanum 18. desember 2006, en þar er einnig handrituð dagsetningin 18. 10. 2006. Staðfesti ákærði að umrætt faxbréf stafaði frá sér og sagði að vel gæti verið að einhver gögn hefðu farið til Kauphallarinnar á þeim tíma sem þátttaka VSP kom til álita. Þessu til stuðnings er og tölvupóstur frá David A. Spargo til ákærða frá 18. október 2006, bls. 913, eða sama dag og útboðslýsingin var send til Kauphallarinnar, þar sem fram kemur að efni tölvupóstsins er „CT agreement“. Kvaðst ákærði telja að átt væri við „Collateral Trust“. Í tölvupóstinum er ákærði beðinn um að undirrita skjalið og senda til baka í faxi svo að hægt væri að senda það til Kauphallarinnar. Þá vekur athygli að sú útgáfa af útboðslýsingunni, sem ákærði kveður hafa verið lokaútgáfuna (Final Offering Circular), er dagsett 17. október 2006 eða degi fyrir en útgáfan, sem send var Kauphöllinni og haldlögð þar í tengslum við rannsókn málsins.

Hér fyrir dómi hefur ákærði staðfest að áhugasamir kaupendur skuldabréfa Napis Inc., m.a. Tim Webb og Paolo F. Santos, hafi haft samband við sig í kjölfar skráningar útboðslýsingarinnar eða í janúar 2007 og að í þeim samskiptum hafi skjalið „Collateral Trust Funds“ komið til umræðu. Samkvæmt gögnum málsins staðfesti ákærði í tölvupósti til Tim Webb hinn 12. janúar 2007 að í vörslum VSP væru fjármunir eða sjóðir frá Napis Inc. sem VSP héldi sem tryggingu í tengslum við útboð fyrirtækisins, en tók fram að VSP ábyrgðist ekki skuldabréfaútbóðið sem slíkt. Þá kemur fram í gögnunum að hinn 14. janúar 2007 sendi ákærði áðurgreindum Tim Webb reikningsyfirlit Napis Inc. (Account statement) í excel-skjali þar sem fram kemur að verðmæti eigna fyrirtækisins í vörslum VSP væru að fjárhæð 634.639.743 bandaríkjadalar. Í tölvupóstinum bauðst ákærði ennfremur til að senda til hans árituð og stimpluð reikningsyfirlit í faxi. Af gögnum málsins verður ráðið að það hafi hann gert daginn eftir.

Þá kemur fram í gögnum málsins að Paolo F. Santos sendi ákærða tölvupóst 16. janúar 2007 og spurðist fyrir um skuldabréfaútbóð Napis Inc., en skjalið „Collateral Trust Fund“ fylgdi með póstinum frá Paolo sem viðhengi. Í þeim samskiptum sem ákærði á við Paolo í framhaldinu gerði ákærði ekki neinar athugasemdir eða

fyrirvara við gildi skjalsins tryggingavörslusjóðir eða hlutverk VSP í tengslum við skuldabréfaútbod Napis Inc., en bauðst til að aðstoða Paolo við kaup á skuldabréfunum.

Með hliðsjón af öllu framangreindu, sérstaklega viðbrögðum ákærða við fyrirspurnum frá áðurgreindum mönnum, Tim Webb og Paolo F. Santos, sem lýstu áhuga á því að kaupa skuldabréf Napis Inc., þykir sannað að ákærða var kunnugt um það að upphaflega útbodslýsingin, þar sem tekið er fram að áætluð skuldabréfaútgáfa sé tryggð með 700 milljóna bandaríkjadala verðbréfaeign í vörslu VSP, og sem dagsett er 18. október 2006, var send til Kauphallarinnar á Ermarsundseyjum ásamt skjalinu tryggingavörslusjóðir (Collateral Trust Funds) og að áðurgreind útbodslýsing var í kjölfarið skráð í Kauphöllinni.

Í byrjun útbodslýsingarinnar, bls. 35 í gögnum málsins, segir að Napis Inc. sé með verðbréfareikning hjá VSP og að VSP hafi fengið fyrirmæli frá fyrirtækinu um að halda verðmætum inni á reikningnum eftir þörfum sem veðtryggingu í tengslum við útbodið. Því næst er vísað til meðfylgjandi samnings um veðtryggðan fjárvörslusjóð (collateral trust agreement). Þessa samnings er hins vegar ekki getið í lok útbodslýsingarinnar, bls. 119 í gögnum máls, og þá er ekki að sjá að hann sé á meðal þeirra gagna sem haldlögð voru í kauphöllinni. Þá er VSP ekki á meðal þeirra aðila, sem gerð er grein fyrir í lok skráningarlýsingarinnar og sagðir eru tengjast skráningarlýsingunni, bls. 120 í gögnum máls. Samkvæmt framangreindu verður ekki séð að VSP hafi gegnt sérstöku hlutverki við skráningarferlið, en hér verður og að hafa í huga að þeir starfsmenn Kauphallarinnar á Ermarsundseyjum, sem komu að skráningu útbodslýsingar Napis Inc. hafa ekki verið leiddir fyrir dóminn sem vitni til að bera um hlutverk VSP í skráningarferlinu.

Neðar á fyrstu blaðsíðu útbodslýsingarinnar, bls. 35 í gögnum máls, segir að útbodið sé tryggt með 700 milljóna bandaríkjadala veðtryggðri ábyrgð á milli Napis og VSP. Því næst er í löngu máli gerð grein fyrir skyldum VSP samkvæmt 4. gr. ábyrgðarinnar, en ljóst er að þeir skilmálar eru í engu samræmi við efni skjalsins tryggingavörslusjóðir, þar sem eingöngu er kveðið á um hlutverk VSP sem vörsluaðila verðbréfareiknings í eigu Napis, en ekki sem ábyrgðaraðila útbodsins. Eins og áður greinir er slíkur ábyrgðarsamningur á milli VSP og Napis Inc. heldur ekki á meðal gagna málsins.

Þá er í útbodslýsingunni, bls. 38-39, kveðið á um að upplýsingar í henni séu á ábyrgð útgefanda, þ.e. Napis Inc. og að skráning útbodslýsingarinnar feli ekki í sér að upplýsingar um útgefanda í útbodslýsingunni og meðfylgjandi gögnum séu réttar eftir dagsetningu viðkomandi gagna. Þá er tekið fram að hvorki útbodslýsingin né aðrar viðbótarupplýsingar í tengslum við útbodið geti orðið grundvöllur lánstrausts eða annars verðmats. Einnig er tekið fram að fjárfestar skuli m.a. gaumgæfa vandlega nýjustu upplýsingar um fjárhagsstöðu útgefanda áður en ákvörðun er tekin um kaup á skuldabréfum.

Loks benda gögn málsins ekki til þess að frumrit skjalsins tryggingavörslusjóðir hafi legið fyrir í Kauphöllinni á Ermarsundseyjum, en ákærði hefur borið um að hafa fargað frumritinu.

Með vísan alls framangreinds verður að telja að ákærvaldinu hafi ekki tekist að sýna fram á að ákærði hafi með þeirri háttsemi, sem greinir í 1. lið ákærunnar,

skuldbundið VSP til að ábyrgjast skuldabréfaútboðið þannig að hætta væri á að kaupendur skuldabréfa Napis Inc. samkvæmt útboðinu krefðust greiðslna hjá VSP greiddi Napis Inc. ekki af seldum skuldabréfum. Með hliðsjón af framangreindu verður því að sýkna ákærða af broti gegn 249. gr. almennra hegningarlaga að því er þennan ákærulið varðar.

Til vara er ákærða gefin að sök tilraun til fjársvika með því að hafa með framangreindum hætti reynt að blekkja kaupendur skuldabréfa með því að gefa út skjalið tryggingavörslusjóðir í tengslum við skuldabréfaútboðið og með því að gefa út framangreind þrjú tilhæfulaus reikningsyfirlit í tengslum við sölu á skuldabréfum Napis Inc.

Ákærði hefur viðurkennt að fyrirtækið Napis Inc. hafi aldrei átt neina fjármuni á reikningi VSP þrátt fyrir fullyrðingar þess efnis í skjalinu tryggingavörslusjóðir og upplýsingar í framangreindum reikningsyfirlitum. Sagði ákærði að upphaflega hefði verið gert ráð fyrir að ef af viðskiptum yrði myndi Napis Inc. setja jafnháa tryggingu inn á vörslureikning hjá VPS, þ.e. áður en skuldabréfin yrðu gefin út og andvirði þeirra afhent. Af framburði ákærða þykir ljóst að fyrir þessu hafði hann aðeins orð David A. Spargo og lögmanns Napis Inc. þrátt fyrir þessa vitneskju gaf ákærði út skjalið tryggingavörslusjóðir og lét viðgangast og gerði ekki athugasemdir við að í áðurgreindri útboðslýsingu fyrirtækisins Napis Inc., sem skráð var í Kauphöllinni á Ermarsundseyjum, kæmi fram að Napis Inc. væri með verðbrefareikning hjá VSP og að VSP hefði fengið fyrirmæli frá fyrirtækinu um að halda verðmætum inni á reikningnum eftir þörfum sem veðtryggingu í tengslum við útboðið, svo og að útboðið væri tryggt með 700 milljóna bandaríkjadala veðtryggðri ábyrgð á milli Napis og VSP.

Af gögnum málsins er ljóst að ákærði tók þátt í að selja skuldabréf Napis Inc. í kjölfar skráningar útboðslýsingarinnar, enda hefur ákærði viðurkennt að í janúar 2007 hafi komið til tals að VSP annaðist sölu á skuldabréfum í Napis Inc. ef af viðskiptum með þau yrði. Eins og áður greinir staðfesti ákærði í tölvupósti til Tim Webb hinn 12. janúar 2007, sem lýsti yfir áhuga á því að kaupa skuldabréf í Napis Inc. og spurðist fyrir um skjalið tryggingavörslusjóðir, að í vörslum VSP væru fjármunir eða sjóðir frá Napis Inc. sem VSP héldi sem tryggingu í tengslum við útboð fyrirtækisins. Jafnframt sendi ákærði áðurgreindum manni reikningsyfirlit Napis Inc. þar sem fram kemur að verðmæti eigna fyrirtækisins í vörslum VSP væru að fjárhæð 634.639.743 bandaríkjadalar. Einnig hefur komið fram að í samskiptum sínum við Paolo F. Santos, sem hafði undir höndum afrit skjalsins tryggingavörslusjóðir og lýsti yfir eindregnum áhuga á því að kaupa skuldabréf Napis Inc., gerði ákærði engar athugasemdir eða fyrirvara við gildi áðurgreinds skjals eða hlutverk VSP í tengslum við skuldabréfaútboðið, en bauðst til að aðstoða Paolo við kaup á skuldabréfunum.

Með því að rangfæra framangreind skjöl og láta viðgangast að áðurgreindar upplýsingar um viðskipti VSP og Napis Inc. kæmu fram í útboðslýsingu Napis Inc. þykir ákærði hafa á ólögmetan hátt vakið ranga eða óljósa hugmynd hjá væntanlegum kaupendum skuldabréfa Napis Inc. um fjárhagsstöðu Napis Inc. Með því að hafa síðan í kjölfar skráningarinnar tekið þátt í sölu skuldabréfanna og ýmist staðfest gagnvart áhugasömum kaupendum þeirra að í vörslum VSP væru fjármunir eða sjóðir frá Napis Inc., sem VSP héldi sem tryggingu í tengslum við útboðið, eða látið hjá líða að gera fyrirvara við gildi skjalsins tryggingavörslusjóðir, sem

kaupendur höfðu undir höndum, þykir ákærði hafa leitast við að styrkja eða hagnýta sér áðurgreinda villu hjá væntanlegum kaupendum skuldabréfanna. Ljóst þykir að ákærði beitti framangreindum blekkingum í auðgunarskyni og í þágu fyrirtækisins Napis Inc., sem var að hluta til í hans eigu. Þykir ákærði með þessari háttsemi hafa brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga.

Ákæruliður 2.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa útbúið tvö skjöl á ensku, dags. 12. febrúar 2007, í nafni VSP með nafninu innlánskírteini, þar sem staðfest er að fyrirtækið Napis Inc. hafi á nánar tilgreindum innlánsreikningi hjá VSP fjárhæðina 200 milljónir bandaríkjadala, sem megi greiða greiðsluþega eða löglegum framsalshafa við framlagningu innlánskírteinisins eftir 31. desember 2009. Annars vegar er um að ræða innlánskírteini þar sem kveðið er á um að áðurgreindur innlánsreikningur sé lokaður til hagsbóta fyrirtækjunum Midscot Ltd. og EC4 Petrochem Ltd., en hins vegar er um að ræða innlánskírteini þar sem kveðið er á um að innlánsreikningurinn sé lokaður öllum nema fyrirtækjunum MCC Capital Projects og Burgundy Asset Development Corp.

a) Innlánskírteini þar sem fyrirtækin Midscot Ltd. og EC4 Petrochem Ltd. eru tilgreind sem sameiginlegur greiðsluþegi.

Framangreint innlánskírteini kveður á um að áðurgreindur innlánsreikningur Napis Inc. sé lokaður til hagsbóta fyrirtækjunum Midscot Ltd. og Petrochem Ltd. Í ákæru segir að innlánskírteinið hafi verið veð fyrir lánasamningi, dags. 12. febrúar 2007, á milli Napis Inc. og EC4 Petrochem Ltd. vegna 150 milljóna bandaríkjadala láns EC4 Petrochem til Napis Inc. Í ákæru er því lýst að ákærði hafi sent afrit af innlánskírteininu sem viðhengi í tölvupósti til Bank of Scotland vegna fjármögnunar ofangreinds lánasamnings og til fyrirvarsmanns Midscot Ltd., sem séð hafi um lánsúmsókn til Bank of Scotland. Þá er því lýst að ákærði hafi í sama tölvupósti sent í viðhengi bréf með yfirskriftinni „Staðfesting á heimild til næstu skrefa“ og jafnframt sent Bank of Scotland efni bréfsins með SWIFT-skeyti 199.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa sent afrit innlánskírteinisins sem viðhengi í tölvupósti 14. febrúar 2007 til Bank of Scotland og fyrirvarsmanns Midscot Ltd., svo og bréf með yfirskriftinni „Staðfesting á heimild til næstu skrefa“, þar sem vísað er til innlánskírteinisins. Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa sama dag sent efni áðurgreinds bréfs með SWIFT-skeyti 199 til Bank of Scotland. Ákærði hefur hins vegar borið um að frumrit skjálanna hafi aldrei farið úr húsi.

Í ákæru er ákærða eingöngu gefið að sök að hafa sent innlánskírteinið og bréfið „Staðfesting á heimild til næstu skrefa“ í afriti til Bank of Scotland og fyrirvarsmanns Midscot Ltd. Með hliðsjón af 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 verður því ekki tekin afstaða til þess hvort ákærði hafi sent frumrit umræddra skjala

til áðurgreindra aðila.

Með vísan til álitsgerðar Gunnars Sturlusonar hæstaréttarlögmanns og Árna Sigurjónssonar héraðsdómslögmanns, sem er á meðal gagna málsins, er ljóst að útborgun ætlaðrar innistæðu samkvæmt innlánsskírteininu var háð framvísun frumrits skjalsins hjá VSP. Ljóst þykir því að sú ráðstöfun að senda afrit innlánsskírteinisins sem viðhengi í tölvupósti til Bank of Scotland og fyrirvarsmanns Midscot Ltd. leiddi ekki til þess að VSP yrði skuldbundið samkvæmt efni innlánsskírteinisins.

Í fyrrgreindu bréfi „Staðfesting á heimild til næstu skrefa“ er staðfest fyrir hönd VSP með tilvísun til áður nefnds lánasamnings Napis Inc. að VSP hafi undir höndum eitt skuldabréf frá Napis Inc. að fjárhæð 200 milljónir bandaríkjadala og eitt innlánsskírteini að sömu fjárhæð, útgefið af VSP, og að þessi gögn séu tilbúin til yfirfærslu til hagsbóta fyrir viðskiptavin Bank of Scotland, Midscot Ltd. og EC4 Petrochem Ltd., allt að mótteknum fyrirmælum þess efnis í swift-skeyti frá Bank of Scotland, og að VSP sé reiðubúið til næstu skrefa.

Eins og áður hefur komið fram var fyrrgreint bréf sent til Bank of Scotland með swift-skeyti 199. Fram kom hjá vitninu Ragnhildi Magnúsdóttur að greiðslur á milli landa væru sendar í flokki, sem byrjaði á 100 í swift-kerfinu. Þá sagði vitnið að skilaboð, sem send væru í þessum flokki, væru óafturkræf, þ.e. ekki væri hægt að fella niður greiðslu sem send væri með slíku skeyti nema sækja sérstaklega um niðurfellingu á henni. Um væri að ræða staðfest skeyti eða „authenticated“ skeyti, sem bankar gætu ekki sent sín á milli nema þeir væru tengdir, þ.e. þeir hefðu skipst á lykllum. Þá kom fram hjá vitninu að efni skeytisins væri ekki hefðbundið, þ.e. ekki væri venja að senda slík skilaboð í gegnum swift-kerfið. Af framburði vitnisins verður ráðið að þar sem efni skeytisins fjallaði ekki um greiðslur hafi það ekki verið sent í réttum flokki. Þá kom fram hjá vitninu að Icebank hefði verið eina stofnunin innan sparisjóðakeðjunnar sem hefði verið með aðgang að swift-kerfinu, en í Icebank hefði farið fram bakvinnsla fyrir alla sparisjóðina og hefði Icebank verið heimilt að senda swift-skeyti fyrir sparisjóði landsins að beiðni þeirra. Umrætt swift-skeyti hefði því verið sent af Icebank að beiðni VSP. Þá kom fram hjá vitninu að swift-skeyti, sem sent væri sem staðfest skeyti, skuldbyndi þann banka sem skeytið sendi.

Með hliðsjón af framangreindu, sérstaklega með vísan til efnis bréfsins, sem hvorki kveður á um ábyrgð VSP né beina staðfestingu VSP á innistæðu, og þess með hvaða hætti bréfið var sent til Bank of Scotland, verður að telja ósannað að með sendingu áðurgreinds swift-skeytis hafi ákærði skuldbundið VSP þannig að VSP hefði verið skylt að greiða handhafa afrits innlánsskírteinisins fjárhæðina 200 milljónir bandaríkjadala. Verður því að sýkna ákærða af broti gegn 249. gr. almennra hegningarlaga.

Til vara er ákærða gefin að sök tilraun til fjárvika með því að hafa með framangreindum hætti reynt að blekkja Bank of Scotland til að kaupa framangreint innlánsskírteini.

Ákærði hefur viðurkennt að Napis Inc. hafi ekki átt 200 milljónir bandaríkjadala á reikningi hjá VSP eins og staðhæft er í innlánsskírteininu. Hann sagði að samkvæmt áðurgreindum lánasamningi hefði EC4 Petrochem Ltd. skuldbundið sig

til að lána Napis Inc. 150 milljónir bandaríkjadala, sem fullyrt hefði verið að fyrirtækið ætti inni á reikningi sínum hjá Bank of Scotland, og hefði ætlunin verið sú að þeir fjármunir kæmu inn á reikning hjá VSP. Sagði ákærði að sú fjárhæð hefði aldrei verið greidd út nema Napis Inc. hefði sýnt fram á tryggingar í formi hlutabréfa eða reiðufjár að fjárhæð 200 milljónir bandaríkjadala í vörslu VSP. Með útgáfu skjalsins innlánskírteini hefði hann aðeins verið að staðfesta að VSP myndi greiða áðurgreindar 200 milljónir bandaríkjadala til baka á gjalddaga, en VSP hefði ekki verið að gangast í ábyrgð með útgáfu skjalsins.

Þessi framburður ákærða er ekki í samræmi við framburð vitnanna John Tapp og Mohammed Faisal Kasim, eigenda EC4 Petrochem Ltd. eða vitnisins James Johnstone, eiganda Midscot Management Ltd. Þá fær framburður ákærða um að EC4 Petrochem hafi ætlað að lána Napis Inc. 150 milljónir bandaríkjadala, sem það hafi átt að eiga handbært inni á reikningi hjá Bank of Scotland, ekki stuðning í framburði vitnisins David A. Spargo, fyrirsvarsmanns Napis Inc.

Vitnið John Tapp sagði að David Spargo hefði fyrir hönd Napis Inc. sett sig í samband við EC4 Petrochem til að kanna hvort unnt væri að stofna til samstarfs á milli fyrirtækjanna í tengslum við starfsemi á sviði lífefnaeldsneytis. David hefði tjáð þeim að íslenskur banki myndi veita ábyrgð vegna lántöku. Á sama veg hefur borið vitnið Mohammed Faisal Kasim. Hann sagði að David hefði beðið fyrirsvarsmenn EC4 Petrochem um að aðstoða við útvegum fjármagns og tjáð þeim að banki hans á Íslandi myndi leggja fram ábyrgðir. Þá hefði David sent honum bréf frá íslenska bankanum, sem hefðu staðfest þetta. David hefði sem sagt ætlað að útvega tryggingu eða veð gegn því að EC4 Petrochem útvegaði fjármagn. Þessi framburður fær stöð í framburði David A. Spargo, en hann staðfesti að Faisal Kasim hefði ætlað að útvega fjármagn samkvæmt lánasamningnum. Vitnið Faisal Kasim sagði að David hefði tjáð þeim að hann væri með viðskipti við banka á Íslandi og þar væru miklar eignir. Hann sagði að ljóst væri að til hefði staðið að nota innlánskírteinið sem tryggingu fyrir láni. Loks sagðist hann aðspurður ekki hafa vitað að engir peningar væru á reikningi Napis Inc. hjá VSP. Bæði John Tapp og Mohammed Faisal Kasim báru um það að þeir hefðu komið á tengslum á milli Napis Inc. og James Johnstone hjá Midscot Management og hefði James séð um samskiptin við Napis Inc.

Vitnið James Johnstone sagði að starfsemi Midscot hefði falist í því að aðstoða viðskiptavinum og tengiliðum við fjármögnun verkefna og frágang ábyrgða, sem og samskipti við banka og miðlara. Hann sagði að VSP hefði sent Bank of Scotland öll gögn, sem vörðuðu málið, m.a. innlánskírteinið. Í samræmi við venjur þar að lútandi hefði VSP sent innlánskírteinið annars vegar í gegnum swift-kerfið og hins vegar með hraðpósti. Hann sagði að aldrei hefði staðið til að Bank of Scotland veitti lán út á innlánskírteinið, heldur hefði þriðji aðili ætlað að lána út á skírteinið, svo fremi að gögnin stæðust skoðun Bank of Scotland og bankinn samþykkti innlánskírteinið. Hlutverk Bank of Scotland hefði eingöngu falist í því að taka á móti gögnunum og innlánskírteininu og gera áreiðanleikakönnun á þeim. Að undangenginni slíkri könnun og viðurkenningu Bank of Scotland á gögnunum hefði verið ætlunin að nota innlánskírteinið sem veð eða tryggingu fyrir lánalínu frá þriðja aðila. Þá sagði vitnið að ekki hefði verið hægt að nota innlánskírteinið í öðrum tilgangi en þeim að fá lán út á það. Hann sagði að hvorki starfsmenn Midscot né Bank of Scotland hefðu vitað af því að engin innistæða væri inni á reikningi Napis Inc. hjá VSP. Slík innistæða hefði verið forsenda viðskipta með

innlánssskírteinið og þeir hefðu ekki getað útvegað lán nema slík trygging væri fyrir hendi. Í skýrslu vitnisins fyrir dóminum kemur fram að starfsmenn bankans hafi skoðað gögnin frá VSP í nokkra daga, en að svo búnu ákveðið að veita ekki umbeðna þjónustu. Starfsmenn bankans hefðu tjáð honum að álitnið hefði verið að það þjónaði ekki hagsmunum bankans að ganga til þessara viðskipta.

Í lánasamningi EC4 Petrochem og Napis Inc. er kveðið á um að skuldabréf, útgefið af Napis Inc., að fjárhæð 200 milljónir bandaríkjadala, verði tryggt með innlánssskírteini, útgefnu af VSP, sem líta beri á sem veð til tryggingar greiðslu lánsins. Þá er kveðið á um að lántaki, þ.e. Napis Inc., sjái til þess að VSP sendi skuldabréfið og innlánssskírteinið með swift-skeyti inn á nánar tilgreindan bankareikning lánveitanda, þ.e. EC4 Petrochem, til að tryggja að verðbréfareikningur lántaka verði lokaður og standi sem trygging fyrir greiðslu lánsins þar til það væri að fullu greitt.

Vitnið David A. Spargo svaraði því ekki hverni nota átti innlánssskírteinið, en sagði að fjármagnið sem koma hefði átt út úr þessum viðskiptum hefði átt að fara í fjárstýringu hjá VSP. Ætlunin hefði verið að Napis Inc. og EC4 Petrochem skiptu fjármagninu á milli sín. Vitnið sagði að í samningi Napis Inc. og EC4 Petrochem hefði verið kveðið á um að Napis Inc. legði 200 milljón bandaríkjadala tryggingu inn á reikning þegar EC4 Petrochem hefði innt af hendi greiðslu að fjárhæð 150 milljónir bandaríkjadala. Þá sagðist vitnið halda að í swift-skeyti hefði komið fram að áður en hægt væri að senda frumrit innlánssskírteinisins yrði að útvega fjármagnið. Þessar fullyrðingar vitnisins fá hvorki stoð í lánasamningnum né swift-skeytinu frá 14. febrúar 2007. Framburður vitnisins var að öðru leyti óljós og óskýr og þykir ekki trúverðugur.

Eins og áður greinir bar ákærði um það hér fyrir dómi að fyrirsvarsmenn EC4 Petrochem hefðu staðhæft að fyrirtækið ætti 150 milljónir bandaríkjadala inni á reikningi sínum í Bank of Scotland, sem það ætlaði að lána Napis Inc., en samkvæmt framansögðu fær framburður þessi hvorki stuðning í framburði framangreindra vitna né lánasamningi áðurgreindra fyrirtækja. Þá sagðist ákærði ekki hafa sent innlánssskírteinið til Bank of Scotland í þeim tilgangi að fá greitt út lán, heldur aðeins til staðfestingar á því að fjármunirnir yrðu greiddir til baka. Aðspurður kvaðst ákærði enga skýringu hafa á því af hverju Bank of Scotland þurfti á þessu skjali að halda til að EC4 Petrochem gæti tekið út innistæðu sína hjá bankanum. Þá staðfesti ákærði að hafa sent skuldabréfið og innlánssskírteinið í swift-skeyti til Bank of Scotland eins og kveðið væri á um í lánasamningnum. Kvaðst ákærði ekki geta skýrt tilgang þess að senda þessi skjöl til bankans í ljósi þess að EC4 Petrochem ætlaði aðeins að taka út innistæðu af reikningi sínum hjá bankanum. Allt þykir þetta mjög ótrúverðugt. Þá þykir ótrúverðugur sá framburður ákærða að með sendingu skjalsins „Staðfesting á heimild til næstu skrefa“ hefði VSP verið að tilkynna Bank of Scotland að VSP væri reiðubúið til að taka við þeim 150 milljónum bandaríkjadala, sem EC4 Petrochem ætlaði að taka út af reikningi sínum í bankanum, og að VSP myndi greiða til baka 200 milljónir bandaríkjadala á lokagjaldsdaga. Aðspurður kvaðst ákærði ekki geta skýrt hvaða hagsmuni Bank of Scotland hefði haft af því að fá það staðfest að VSP ætlaði að borga EC4 Petrochem til baka. Þykir þessi framburður ákærða afar ótrúverðugur. Þá hefur ákærði borið um það að hann hafi aldrei fengið neinar skýringar á því hvers vegna EC4 Petrochem gat ekki tekið út fjármuni, sem það hafi átt að eiga handbæra á reikningi sínum í Bank of Scotland. Eftir þetta hefðu fyrirsvarsmenn EC4 Petrochem

staðhæft að þeir ættu einnig 200 milljónir bandaríkjadala handbærar á reikningi sínum í banka á Filippseyjum og hefur ákærði borið um að engar grunsemdir hafi vaknað hjá honum við það. Allt þykir þetta mjög ótrúverðugt.

Með vísan til alls framangreinds þykir framburður ákærða ótrúverðugur, enda hefur hann verið óstöðugur, óskýr og ekki í samræmi við gögn málsins. Þá fær framburður hans ekki stuðning í framburði vitna.

Með vísan til framangreinds þykir í ljós leitt svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærða hafi verið það fullkunnugt að til stóð að nota innlánskírteinið sem veð eða tryggingu fyrir lánasamningi á milli áðurgreindra fyrirtækja, sem fjármagna átti með láni frá Bank of Scotland eða fyrir milligöngu bankans. Ákærði útbjó innlánskírteinið og notaði það í viðskiptum við Bank of Scotland í framangreindum tilgangi þrátt fyrir vitneskju um að engin innistæða væri á reikningi Napis Inc. hjá VSP. Ljóst þykir að ákærði beitti þessum blekkingum í auðgunarskyni og í þágu fyrirtækisins Napis Inc., sem var að hluta til í hans eigu. Þykir ákærði hafa með þessari háttsemi gerst sekur um brot gegn 248. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

b) Innlánskírteini þar sem fyrirtækin MCC Capital Projects og Burgundy Asset Development Corp. eru tilgreind sem sameiginlegur greiðsluþegi.

Framangreint innlánskírteini kveður á um að áðurgreindur innlánsreikningur Napis Inc. sé lokaður til hagsbóta fyrirtækjunum MCC Capital Projects og Burgundy Asset Development Corp. Ákærði hefur staðfest að efni skjalsins hafi verið sent til China Trust Commercial Bank á Filippseyjum hinn 20. mars 2007 með swift-skeyti 999, bls 352 í gögnum máls. Hefur vitnið Ragnhildur Magnúsdóttir einnig staðfest að hafa sent umrætt skeyti að beiðni ákærða. Þá hefur ákærði staðfest að hafa sent afrit af innlánskírteininu og swift-skeytinu í tölvupósti til starfsmanns bankans sama dag. Ákærði hefur hins vegar borið um að frumrit skjalsins hafi aldrei verið sent til bankans.

Vitnið Ragnhildur Magnúsdóttir hefur borið um það að swift-skeyti 999 séu skeyti, sem allir bankar geta sent sín á milli án þess að vera tengdir í swift-kerfinu. Um væri því að ræða óstaðfest skeyti, sem enginn banki tæki gild. Með hliðsjón af framangreindu og því að ákærði sendi eingöngu afrit af innlánskírteininu til bankans í tölvupósti, samanber fyrri umfjöllun um skuldbindingargildi afrits innlánskírteinis, þykir ljóst að með sendingu áðurgreinds swift-skeytis og afrits innlánskírteinisins í tölvupósti hafi ákærði ekki skuldbundið VSP með þeim hætti sem greinir í ákæru. Er því ósannað að ákærði hafi brotið gegn 249. gr. almennra hegningarlaga og ber að sýkna hann af því broti samkvæmt þessum ákærulið.

Til vara er ákærða gefin að sök tilraun til fjársvika með því að hafa með framangreindum hætti reynt að blekkja China Trust Commercial Bank til að kaupa framangreint innlánskírteini.

Í texta swift-skeytisins segir að um sé að ræða staðfest skeyti. Þá lýsir ákærði því yfir í skeytinu að hann sé reiðubúinn að senda frumrit innlánskírteinisins í skjalaformi að fengnum staðfestum fyrirmælum frá China Trust Bank þess efnis.

Í tölvupósti, sem ákærði sendi China Trust sama dag og swift-skeytið, lýsir ákærði því einnig yfir að hann muni senda innlánskírteinið og swift-skeytið í skjalaformi til bankans ef bankinn krefjist þess. Einnig er tekið fram að ef bankinn krefjist þess muni hann senda swift-skeytið í gegnum „correspondent“-banka, þ.e. sem staðfest skeyti.

Vitnið Ragnhildur Magnúsdóttir sagði að ákærði hefði beðið sig um að senda swift-skeytið á bls. 352 í gögnum málsins. Hún sagði að í textanum, sem ákærði bað hana um að senda, hefði verið vísað í reglur, sem tengdust ábyrgðum. Þá hefði orðalag textans verið með þeim hætti að svo hefði virst að með skeytinu væri verið að gefa út ábyrgð. Sagðist hún því hafa spurt ákærða að því hvort hann væri að gefa út ábyrgð, en ákærði hefði neitað því. Hún hefði því bent ákærða á það að í textanum væri vísað í ábyrgðir og alþjóðlegar ábyrgðarreglur og fengið þau svör frá ákærða að það skipti ekki neinu máli, hann þyrfti aðeins að koma þessum texta út. Sagðist vitnið hafa fengið á tilfinninguna að ákærði vissi ekki alveg hvað hann væri að gera. Hún sagðist því hafa ákveðið að senda skeytið sem 999 skeyti, en með því hefði bankinn ekki skuldbundið sig. Til öryggis hefði hún jafnframt tekið fram í skeytinu að um væri að ræða skilaboð en ekki „letter of guarantee“ eða „letter of credit“ og tekið fram að efni skeytisins væri án allrar ábyrgðar af hálfu Icebank.

Hér fyrir dómi hélt ákærði því fram að hann hefði ekki ætlað að senda bankanum frumrit innlánskírteinisins fyrr en fjármunirnir hefðu borist VSP frá China Trust Commercial Bank. Þessar skýringar ákærða eru ekki í samræmi við orðalag skjalanna og þá þykir hvorki trúverðugt né líklegt að bankastofnun hefði lánað fé út á innlánskírteinið áður en stofnunin fengi frumrit þess í sínar vörslur.

Eins og áður greinir hefur ákærði viðurkennt að Napis Inc. hafi ekki átt 200 milljónir bandaríkjadala hjá VSP eins og staðhæft er í innlánskírteininu. Ljóst þykir að með umræddu swift-skeyti og eftirfarandi tölvupósti reyndi ákærði að selja innlánskírteinið í China Trust Commercial Bank. Ákærði útbjó innlánskírteinið og notaði það í viðskiptum við bankann þrátt fyrir vitneskju um að engin innistæða væri á reikningi Napis Inc. hjá VSP. Ljóst þykir að ákærði beitti þessum blekkingum í auðgunarskyni og í þágu fyrirtækisins Napis Inc., sem var að hluta til í hans eigu. Þykir ákærði hafa með þessari háttsemi gerst sekur um brot gegn 248. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Niðurstaða málsins er því sú að ákærði er sakfelldur fyrir tilraun til fjársvika að því er varðar 1. ákærulið og báða undirliði 2. ákæruliðar. Er háttsemin réttilega heimfærð undir 248. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í ákæru.

Samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur ákærði ekki áður sætt refsingu.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að líta til einbeitts brotavilja hans, sbr. 6. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og að um afar háar fjárhæðir var um að tefla, sbr. 1. og 3. tl. sömu greinar. Þá er litið til þess að verknaður ákærða leiddi til þess að starfsemi VSP var lögð niður og bú félagsins gefið upp til

gjaldþrotaskipta. Á hinn bóginn er til þess að líta að tilraunir ákærða til blekkinga voru mjög veikburða og ósannfærandi í ljósi þess að þær beindust að fagfjárfestum og bankastofnunum. Með hliðsjón af öllu framansögðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Í ljósi þess hversu umfangsmikil rannsókn málsins var og að afla þurfti gagna víða um heim og taka skýrslur af vitnum með aðstoð lögregluþyrvalda í þremur ríkjum, sem og því að ákærði var ekki að öllu leyti samvinnufús við rannsókn málsins, þykir sá dráttur sem orðið hefur á rannsókn þess og útgáfu ákæru réttlætanager. Þykja því engin efni til að skilorðsbinda refsingu ákærða.

Ákærði greiði þóknun skipaðs verjanda síns á rannsóknarstigi, Sveins Andra Sveinssonar hrl., sem þykir hæfilega ákveðin 1.500.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns við meðferð málsins fyrir dómi, Vífils Harðarsonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin 2.510.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dóm þennan kveða upp Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari, Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari og Einar S. Hálfðánarson, hæstaréttarlögmaður og löggiltur endurskoðandi.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna umfangs málsins og annarra embættisanna dómsformanns.

Dómsorð:

Ákærði, Viggó Þórir Þórisson, sæti fangelsi í tvö ár.

Ákærði greiði þóknun skipaðs verjanda síns á rannsóknarstigi, Sveins Andra Sveinssonar hrl., 1.500.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns við meðferð málsins fyrir dómi, Vífils Harðarsonar hdl., 2.510.000 krónur.

Ragnheiður Bragadóttir

Sveinn Sigurkarlsson

Einar S. Hálfðánarson

Rétt endurrit staðfestir.

Héraðsdómi Reykjaness 08.03.2012.